



LANDSNET

BLÖNDULÍNA 3

UMHVERFISMATSSKÝRSLA-
GREINARGERÐ UM BREYTTA LEGU
Í HÖRGÁRSVEIT OG
AKUREYRARBÆ

[Landsnet 22016]

BLÖNDULÍNA 3

UMHVERFISMATSSKÝRSLA – Greinargerð um
breytta legu í Hörgársveit og Akureyrarbæ

Unnið af: Mannvit hf.

Fyrir Landsnet

Dagsetning: 02.11.2022

© Landsnet 22016

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Breytt lega í Hörgársveit og Akureyrarbæ	1
3	Samanburður línuleiða	3
3.1	Yfirlit	3
3.2	Vistgerðir og flóra	3
3.2.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	3
3.3	Áhrif á jarðmyndanir	4
3.3.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	4
3.4	Áhrif á fuglalíf	4
3.4.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	4
3.5	Áhrif á vatnalíf	4
3.5.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	4
3.6	Áhrif á fornleifar	5
3.6.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	5
3.7	Áhrif á landslag og ásýnd	6
3.7.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	6
3.8	Áhrif á ferðaþjónustu og útivist	8
3.8.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	8
3.9	Áhrif á landbúnað og skógrækt	9
3.9.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	9
3.10	Atvinnuþróun og samfélag	9
3.10.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	9
3.11	Áhrif á heilsu, öryggi og vatnsgæði	10
3.11.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	10
3.12	Náttúruvá og rekstraröryggi	11
3.12.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	11
3.13	Náttúruvá og persónuöryggi	11
3.13.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	11
3.14	Áhrif á loftslag	11
3.14.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	11
3.15	Landnotkun	11
3.15.1	Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið	11
4	Niðurstaða samanburðar	14
5	Aðrar mögulegar breytingar á legu Blöndulínu 3	15

Myndaskrá

Mynd 2.1	Yfirlitskort sem sýnir legu aðalvalkosta frá Syðri-Bægisá í Hörgársveit og að Rangárvöllum á Akureyri í samanburði við tillögu um breytta legu á þessum sama kafla.	2
Mynd 3.1	Minjagildi fornleifa og hættustig vegna legu aðalvalkosta (2020) og breyttrar legu (2022).	5
Mynd 3.2	Áhugaverðir staðir á kafla með breyttri legu.	8
Mynd 3.3	Verndartakmarkanir í nágrenni við breytta legu Blöndulínu 3 í Hörgársveit og á Akureyri.	13

Töfluskrá

Tafla 2.1	Helstu kennistærðir fyrir aðalvalkost og breytta legu frá Syðri-Bægisá í Hörgársveit að Rangárvöllum á Akureyri.	1
Tafla 3.1	Flatarmál vistlenda og landgerða og hlutfallslegt flatarmál þeirra á athugunarsvæði breyttrar legu og aðalvalkosta.....	3
Tafla 3.2	Yfirlit yfir verndarsvæði í nágrenni valkosta Blöndulínu 3.	12
Tafla 4.1	Samantekt á samanburði áhrifa aðalvalkosta og breyttrar legu á 17 km kafla í Hörgársveit og á Akureyri.....	14

Viðaukaskrá

- Viðauki 1** Náttúrufræðistofnun Íslands, 2022. Grunnástand gróðurs á fyrirhugaðri færslu aðalvalkosta Blöndulínu 3 um Moldhaugaháls og sambærilegs hluta línuleiðar C2.
- Viðauki 2** Fornleifastofnun Íslands, 2022. Viðauki III: Hliðrun á línukosti C2 í Eyjafirði.
- Viðauki 3** Mannvit, 2022. Myndahefti með ljósmyndum og sýnileikakorti sem sýnir mun fyrir og eftir breytingu.

1 Inngangur

Í umsagnarferli Blöndulínu 3 komu fram ábendingar um mögulega færslu á staðsetningu aðalvalkosta í Hörgársveit. Í umhverfismatsskýrslu var bent á þennan möguleika sem mótvægisáðgerð gagnvart sjónrænum áhrifum, en þar segir: „**Færsla á línustæði fjær bæjum í Hörgársveit:** Á forhönnunarstigi kom fram tillaga frá Hörgársveit um hvort mögulegt væri að færa línustæði lengra frá bæjum innan sveitarfélagsins. Samkvæmt fyrstu skoðun er slíkt mögulegt á línuleið C2 og myndi færslan geta numið allt að 200 m þar sem mest er.“


Nú liggja fyrir frekari upplýsingar úr verkhönnun aðalvalkosta Blöndulínu 3 og er möguleg færsla meiri en áætluð að gæti komið til greina í frumhönnun valkosta í umhverfismatsskýrslu. Í þessari greinargerð er fjallað um þessa færslu aðalvalkosta innan Hörgársveitar og Akureyrarbæjar. Línufærslan hefur áhrif á fjölda landeigenda á nokkuð löngum kafla ásamt því að víkja á hluta frá fyrra línubelti og rannsóknarsvæði þess. Því taldi Landsnet rétt að leggja fram greinargerð sem greindi frá þessum breytingum á aðalvalkosti, áður en álit Skipulagsstofnunar verður lagt fram. Auk þess að gera grein fyrir nýrri legu aðalvalkosta er færslan borin saman við legu aðalvalkosta á sama svæði með tilliti til umhverfisáhrifa, sem m.a. byggja á viðbótarrannsóknnum sem gerðar hafa verið á svæði utan upphaflegs rannsóknarsvæðis.

2 Breytt lega í Hörgársveit og Akureyrarbæ

Í töflu 2.1 eru helstu kennistærðir breyttrar legu í samanburði við aðalvalkost á sömu leið. Mynd 2.1 sýnir svo leguna í samanburði við aðalvalkost. Heilt yfir er um að ræða færslu línunnar ofar í hlíðina frá Syðri-Bægisá í Hörgársveit og að Rangárvöllum á Akureyri, um 17 km kafla. Færsla línunnar er frá upphaflegum aðalvalkosti 100-1000 m eftir staðsetningu. Færsluna má sjá á mynd 2.1, þar sem einnig er sýnd lengd færslunnar á völdum stöðum. Einnig er umfjöllun um færslu frá bæjum í kafla 3.7 hér á eftir.

Tafla 2.1 Helstu kennistærðir fyrir aðalvalkost og breytta legu frá Syðri-Bægisá í Hörgársveit að Rangárvöllum á Akureyri.

Framkvæmdaþáttur	Eining	Aðalvalkostur frá Syðri-Bægisá	Breytt lega frá Syðri-Bægisá
Spenna raflínu	kV	220	220
Flutningsgeta	MVA	550	550
Lengd valkosta (loftlína)	km	17,7	16,6
Fjöldi mastra	stk.	57	50
Nýjar vegslóðir	km	17,4	25,6
Styrking/lagfæring eldri slóða	km	2,7	1,5
Fylliefni í slóðir, mastraplön, strenglagnir	m ³	71.578	96.948
Rask vegna nýrra vegslóða	ha	8,7	12,8
Rask vegna styrkingar eldri slóða	ha	1,0	0,5
Rask vegna mastra og strengingarplana	ha	5,0	4,5
Heildarrask vegna framkvæmdar	ha	14,7	17,8



Mynd 2.1 Yfirlitskort sem sýnir legu aðalvalkosti frá Syðri-Bægisá í Hörgársveit og að Rangárvöllum á Akureyri í samanburði við tillögu um breytta legu á þessum sama kafla.

3 Samanburður línuleiða

3.1 Yfirlit

Í þessum kafla er fjallað um nýja legu aðalvalkostar innan Hörgársveitar og Akureyrarbæjar og fyrirséð er að geti haft áhrif á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar í umhverfismati Blöndulínu 3 og greint er frá í umhverfismatsskýrslu. Í tilviki vistgerða og flóru, fornleifa, ásýndar og landbúnaðar og skógræktar voru unnin ný og uppfærð grunngögn vegna breytingarinnar af sömu sérfræðingum og unnu upphafleg gögn. Aðrir umhverfisþættir kölluðu ekki á frekari gagnavinnslu. Fjallað er um alla umhverfisþætti en í sumum tilvikum er umfjöllun mjög stutt þar sem ekki eru fyrirséðar miklar breytingar miðað við niðurstöðu upphaflegs umhverfismats. Í kafla 4 er niðurstaðan dregin saman.

3.2 Vistgerðir og flóra

3.2.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Náttúrufræðistofnun Íslands vann athugun á vistlendum á áhrifasvæði nýrrar legu og bar saman við aðalvalkost á sama kafla. Greining Náttúrufræðistofnunar Íslands í heild sinni er í viðauka 1. Eftirfarandi er helsti munur á leiðunum með tilliti til vistgerða og flóru á þessum kafla:

- Framkvæmdin mun skerða lítt raskað land, þar með talið votlendi sem heyrir undir 61. gr. laga um náttúruvernd og votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi. Gildir þá einu hvor leiðin verður fyrir valinu.
- Færsluleiðin er um 1 km styttri en sambærilegur hluti aðalvalkosts.
- Samanburður vistlenda á athugunarsvæðunum sýnir að um 40 ha meira er af votlendi á athugunarsvæði aðalvalkostar en athugunarsvæði breyttrar legu, sjá nánar í töflu 3.1 hér að neðan.
- Á móti kemur að breytt lega er fjær bæjum og áhrifa af mannvist gætir því síður. Því er líklegra að tegundasamsetning og virkni vistgerða á leið breyttrar legu hafi síður verið raskað, sem hækkar verndargildi þeirra í samanburði við kaflann á aðalvalkosti.
- Eins liggur færsluleiðin í um 100 m hærra yfir sjávarmáli, eða í um 300-400 m h.y.s., og má gera ráð fyrir að vegna óhagstæðara veðurfars sé gróður á henni viðkvæmari og geta vistgerða til að jafna sig eftir rask síðri en á sambærilegum hluta aðalvalkosts.
- Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ekki að finna mjög sjaldgæfar eða friðaðar æðplöntutegundir, mosa og fléttur á eða við færslulegginn og sambærilegan hluta aðalvalkosts.
- Ekki er mögulegt að bera saman verndargildi flóru milli færslunnar og aðalvalkostar vegna þess hve stutt er á milli línuleiðanna og óvissu um staðsetningu skráninga.

Tafla 3.1 Flatarmál vistlenda og landgerða og hlutfallslegt flatarmál þeirra á athugunarsvæði breyttrar legu og aðalvalkosts.

Vistlendi	Aðalvalkostur		Breytt lega	
	Ha	%	ha	%
Melar og sandlendi	9,9	1,8	14,2	2,8
Moldir	1,4	0,3	2,2	0,4
Skriður og klettur	2,5	0,5	2,5	0,5
Eyrar	0,2	<0,1	0,3	0,1
Moslendi	<0,1	<0,1	0,1	<0,1
Votlendi	177,2	32,3	135,2	26,3
Graslendi	30,6	5,6	26,3	5,1
Mólendi	280,8	51,2	299,8	58,4
Þéttbýli og annað manngert land	4,9	0,9	2,6	0,5
Tún og akurlendi	4,1	0,8	3,7	0,7
Skógrækt	32,9	6,0	23,6	4,6
Alaskalúpína	0,6	0,1	0,7	0,1

Vistlendi	Aðalvalkostur		Breytt lega	
	Ha	%	ha	%
Uppgræðslur	1,4	0,2	1,2	0,2
Skógarkerfill og fleiri áþekkar tegundir	1,4	0,3	1,4	0,3
Ár	0,4	0,1	0,7	0,1
Heildarsumma	548,4	100	513,8	100
Flatarmál í km²	5,5		5,1	

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi vistgerðir og flóru á svæði C sem verður eftir sem áður **nokkuð neikvæð**.

3.3 Áhrif á jarðmyndanir

3.3.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Eftirfarandi er helsti munur með tilliti til jarðmynda á þessum kafla:

- Heildarrask vegna nýrrar legu (17,8 ha) verður meira en vegna aðalvalkosts (14,7).
- Breytingasvæði liggur ekki innan eða við verndarsvæði og því ekki breytingar hvað þann þátt varðar.
- Breytt lega er fjær fossaröð í Fossá en aðalvalkostur.

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi jarðmyndanir á svæði C sem verður eftir sem áður **talsvert neikvæð**.

3.4 Áhrif á fuglalíf

3.4.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Eftirfarandi er helsti munur með tilliti til fuglalífs á þessum kafla:

- Álykta má að áhrif breytingar á legu verði minni á fuglalíf þar sem hann er ofar í hlíðum og fjær Hörgá.
- Ekki talið að breytingar verði á áhrifum vegna áflugs sem var lágt til miðlungs fyrir, en ný lega styttr loftlínukafla lítillaga eða um 1 km.

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi fuglalíf á svæði C sem verður eftir sem áður **nokkuð neikvæð**.

3.5 Áhrif á vatnalíf

3.5.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Eftirfarandi eru helsti munur með tilliti til vatnalífs á þessum kafla:

- Engar breytingar verða m.t.t. efnistöku vegna breyttrar legu, en megin áhrif á vatnalíf eru tilkomin vegna efnistöku í ám.


Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi vatnalíf á svæði C sem verður eftir sem áður **óveruleg**.

3.6 Áhrif á fornleifar

3.6.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Fornleifastofnun Íslands vann athugun á fornleifum á áhrifasvæði nýrrar legu og bar saman við aðalvalkost á sama kafla. Greining Fornleifastofnunar Íslands í heild sinni er í viðauka 2. Eftirfarandi er helsti munur með tilliti til fornleifa á þessum kafla:

- Alls eru 18 fornleifar innan breyttrar legu, en þrjár þeirra voru einnig innan aðalvalkosts.
- Í breyttri legu eru 32 fornleifum færri en á aðalvalkosti á þessum kafla, sjá mynd 2.1, en einnig í viðauka 2. Alls voru 50 fornleifar í hættu vegna aðalvalkosts en 18 vegna breyttrar legu. Áhrif framkvæmda á fornleifar eru því minni eftir tilfærslu.
- Alls eru 4 fornleifar í stórhættu vegna aðalvalkostar en 46 í hættu. Samkvæmt breyttri legu eru 5 fornleifar í stórhættu, 11 í hættu og 2 sem teljast ekki í hættu.
- Alls voru 5 fornleifar með mjög mikið minjagildi í hættu vegna aðalvalkosts, en engin vegna breyttrar legu, sjá mynd 3.1. Því eru engin áhrif eftir breytingar á fornleifar með mjög mikið verndargildi.



Mynd 3.1 Minjagildi fornleifa og hættustig vegna legu aðalvalkosts (2020) og breyttrar legu (2022).

Breyting á legu aðalvalkostar hefur lítileg jákvæð áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi fornleifar á svæði C sem breytist úr **Nokkuð neikvæð** til **talsvert neikvæð** í **Nokkuð neikvæð**.

3.7 Áhrif á landslag og ásýnd

3.7.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts nær til þriggja landslagsheilda sem áður höfðu verið greindar í umhverfismati. Eftirfarandi er helsti munur fyrir og eftir breytingu með tilliti til landslags og ásýndar innan þessara þriggja landslagsheilda:

Landslagsheild Hörgárdalur neðri

- Breytingartillaga felur í sér að línan færist ofar í hlíðina á nærri öllu svæðinu frá mynni Öxnadals og norður yfir Moldhaugnaháls. Mest nemur færslan um rúmlega 1 km og er það á Laugalandsheiði.
- Með breytingu færist línan fjær byggð og mun það sérstaklega hafa áhrif á innstu bæi á Þelamörk þar sem fyrir færslu lægi línan nokkuð nærri bæjum (sjá myndir 1a-1c í myndahefti (viðauka 3) sem sýna ásýnd á þessu svæði við bæina Efri-Rauðalæk og Garðshorn).
- Fyrir færslu lá línan næst bænum Garðshorni, en við færslu færist línan þar um 500-600 m og fer þá fjarlægð línu frá bænum úr 200 m í rúmlega 700 m (sjá myndir 2a og 2b í myndahefti (viðauka 3) sem sýna ásýnd við bæinn Garðshorn).
- Færsla við bæinn Ytri-Bægisá nemur um 100 m og fer þá fjarlægð línu frá bænum úr um 600 m í 700 m.
- Færsla við bæinn Efri-Vindheimar nemur um 750 m og fer þá fjarlægð línu frá bænum úr um 600 m í 1350 m.
- Sýnileiki innan landslagsheildar verður almennt minni við færslu línu, einkum í syðsta hluta heildarinnar við innstu bæi á Þelamörk (sjá myndir 1a-1c í myndahefti (viðauka 3) sem sýna breytingu á ásýnd á þessu svæði við bæina Efri-Rauðalæk og Garðshorn).
- Sjónræn áhrif eru talin minnka vegna þess að sýnileiki minnkar frá byggð og þar sem fólk er á ferðinni. Línan færist fjær bæjum þar sem fyrir færslu lá hún allnálægt. Sjónræn áhrif fara úr því að vera miðlungs í **lítil til miðlungs**.
- Bein áhrif og varanleiki áhrifa eru metin óbreytt fyrir og eftir færslu.

Landslagsheild Kræklingahlíð

- Breytingartillaga felur í sér að línan færist ofar í hlíðina sem nemur um 400-700 metrum. Línuleiðin færist fjær byggð innan allrar landslagsheildarinnar og mun það draga töluvert úr nálægð fólks við línuna og einnig úr sýnileika.
- Víða mun línan færast ofar í hlíðina í meiri bratta og fjær núverandi háspennulínuleið á þessu svæði og gæti það gert það að verkum að línan í nýrri legu verði að vissu leyti meira áberandi í landslaginu þó hún verði fjær bæjum.
- Í nyrsta hluta heildarinnar Kræklingahlíð færist línan fjær byggð en einnig nær legu núverandi Rangárvallalínu 1 og verður línan þar jafnvel minna áberandi eftir færslu (sjá breytingar á ásýnd á þessum stað á myndum 3a-3b og myndum 4a-4b í myndahefti (viðauka 3)).
- Eftir færslu myndi línan liggja að meira leyti fyrir ofan skógrækt í landi Ásláksstaða. Fyrir færslu lægi hún þvert í gegnum skógræktarsvæðið, sem er þó á sama stað og núverandi Rangárvallalína 1 gerir (sjá myndir 5a og 5b í myndahefti (viðauka 3) sem sýna núverandi ásýnd og Blöndulínu 3 eftir færslu).
- Fyrir færslu lá línan næst bænum Ásláksstöðum, en við færslu færist línan þar um 300 m og fer þá fjarlægð línu frá bænum úr 300 m í rúmlega 600 m.
- Færsla fyrir ofan bæinn Bitrugerði nemur um 700 m og fer þá fjarlægð línu frá bænum úr um 500 m í 1200 m.
- Eftir færslu fer línan að meira leyti um land þar sem ekki liggur háspennulína í dag. Einnig felur breytingartillaga í sér fleiri hornmöstur á þessu svæði og einnig meiri slóðagerð.
- Sjónræn áhrif eru talin minnka vegna þess hve mikil færslan er og fjarlægð hennar frá bæjum mun aukast töluvert. Sjónræn áhrif fara úr því að vera miðlungs í **lítil til miðlungs**.
- Bein áhrif og varanleiki áhrifa eru metin óbreytt fyrir og eftir færslu.

Landslagsheild Akureyri

- Breytingartillaga á þessu svæði felur í sér að línan færast ofar í hlíðina á nyrðri helming leiðarinnar innan landslagsheildar en að öðru leyti liggur hún samsíða núverandi háspennulínunum að tengivirki á Rangárvöllum, eins og áður var lagt til fyrir færslu (sjá myndir 6a og 6b í myndahefti (viðauka 3)).
- Þetta gerir það að verkum að eftir færslu fer línan að hluta til um land þar sem ekki liggur háspennulína í dag en að öðru leyti eru áhrif innan heildar talin lítil.
- Bein áhrif, sjónræn áhrif og varanleiki áhrifa eru metin óbreytt fyrir og eftir færslu.

Almennt um áhrif á þessum kafla sem færslan á við um:



Færsla línu dregur nokkuð úr sjónrænum áhrifum staðbundið þar sem hún mun færast fjær bæjum innan landslagsheildanna Kræklingahlíð og Hörgárdalur neðri. Þetta á sérstaklega við um bæi innan þessara heilda sem hefðu legið næst línu fyrir færslu, t.d. Garðshorn í Hörgárdal og Ásláksstaðir og Bitrugerði í Kræklingahlíð. Sjá má á sýnileikakorti í myndahefti (viðauka 3) þar sem borinn er saman sýnileiki fyrir og eftir færslu, að sýnileiki minnkar almennt örlítið, sérstaklega frá byggð og þar sem fólk er á ferðinni í Hörgárdal.

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn áhrifa á landslag og ásýnd á svæði C sem verður eftir sem áður **nokkuð neikvæð**.

3.8 Áhrif á ferðapjónustu og útivist

3.8.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Eftirfarandi er helsti munur með tilliti til ferðapjónustu og útivistar á þessum kafla:



Mynd 3.2 Áhugaverðir staðir á kafla með breyttri legu.

- Breytt lega fer á kafla fjær veiðistöðum í Hörgá en aðalvalkostur.
- Línuleiðin mun eftir sem áður þvera tvær gönguleiðir á þessum kafla. Breyting felst í þverun verður hærra í landi en áður.
- Ekki verða breytingar með tilliti til ásýndar frá áhugaverðum ferðamannastöðum á þessum kafla.

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi ferðaþjónustu og útivist á svæði C sem verður eftir sem áður **talsvert neikvæð**.

3.9 Áhrif á landbúnað og skógrækt

3.9.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosta í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Breytingatillaga miðast við línusvæði frá Ytri-Bægisá til Rangárvalla.

Helsti munur með tilliti til landbúnaðar og skógræktar á þessum kafla er eftirfarandi:

- Línusvæði í breytingatillögu er sambærilegt því sem er í upphaflegum aðalvalkosti liggur að mestu leyti um beitarlönd og verður þ.a.l. lítil breyting á áhrifum á landbúnað og landbúnaðarstarfsemi.
- Línuleið samkvæmt breytingatillögu fer um sömu jarðir að undanskildum tveimur sem eru í aðalvalkosti og hvorug er í búrekstri.
- Með breyttri legu verður lína almennt fjær bæjarhlöðum og athafnasvæðum bænda. Þessi breyting hefur jákvæð áhrif, þar sem minnsta fjarlægð í upphaflegum aðalvalkosti frá bæjarhlaði er um 170 m, en eftir breytingu er fjarlægð frá bæjarhlöðum hvergi undir 600 m.
- Lengd á línu á þessu svæði veður um 1 km styttri í beitarlandi eftir breytingu og línumöstrum fækkar um 7 möstur og línuvegir styttest sem því nemur.
- Umfang línuvega í skipulögðum skógræktarsvæðum minnkar.
- Með nýrri legu á línuleið verður þverun á skipulögðu skógræktarsvæði styttri, fer úr 460 m í 330 m og helgunarsvæði minnkar sem því nemur.
- Þrátt fyrir að lengd línuvega verði meiri samkvæmt breytingatillögu hefur það í heild sinni minni áhrif á landbúnað en þær tillögur sem settar eru fram í upphaflegum aðalvalkosti.

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi landbúnað og skógrækt á svæði C sem verður eftir sem áður **nokkuð neikvæð**.

3.10 Atvinnuþróun og samfélag

3.10.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosta í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Eftirfarandi er helsti munur með tilliti til atvinnuþróunar og samfélags á þessum kafla:

- Á heildina litið er ekki talið að breytt lega á þessum kafla muni hafa áhrif á þennan matsþátt.

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi atvinnuþróun og samfélag á svæði C sem verður eftir sem áður **talsvert jákvæð**.

3.11 Áhrif á heilsu, öryggi og vatnsgæði

3.11.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosta í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkosta á svæði C er um 63 km. Eftirfarandi er helsti munur með tilliti til atvinnuþróunar og samfélags á þessum kafla:

- Fyrir upphaflegan aðalvalkost voru gerðir útreikningar fyrir rafsvið og segulsvið þar sem valkosturinn liggur næst íbúðabyggð við bæinn Garðshorn. Niðurstaðan var að rafsvið og segulsvið mun ekki fara yfir viðmiðunarmörk ICNIRP eða norsk varúðarmörk um segulsvið, sem færast fjær Garðshorni eftir breytingar.
- Aðalvalkostur liggur næst íbúðarhúsum við bæinn Garðshorn. Þar liggur Rangárvallalína 1 samhliða. Núverandi hljóðstig er undir viðmiðum og hækkar lítillega með tilkomu Blöndulínu 3 en verður áfram undir mörkum. Niðurstaða hávaðaútreikninga er að hljóðstig við Garðshorn muni ekki fara yfir viðmiðunarmörk um hávaða. Með breytttri legu og aukinni fjarlægð frá bæjum á svæðinu eru enn minni líkur á að vart verði við hljóð frá línumannvirkjum en hefði orðið með upphaflegum aðalvalkosti.
- Aðalvalkostur er innan fjarsvæðis vatnsverndar allt að Krossastaðaá í Hörgárdal (sjá mynd 3.3). Breytt lega er innan sömu vatnsverndarafmörkunar og því ekki breytingar hvað það varðar.
-

Breyting á legu aðalvalkosta hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi rafsegulsvið, hljóðvist og vatnsgæði á svæði C sem verður eftir sem áður **óveruleg til nokkuð neikvæð**.

3.12 Náttúruvá og rekstraröryggi

3.12.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Á þessum kafla er ekki snjóflóðahætta, en ísing frekar talin geta haft áhrif á rekstur línunnar. Eftirfarandi er helsti munur með tilliti til náttúruvár og rekstraröryggis á þessum kafla:

- Með tilfærslu línuleiðar mun hún liggja hærra og á kafla verða útsettari fyrir ísingu en upphaflegur aðalvalkostur. Tekið verður mið af þeim álagsforsendum við endanlega hönnun mastranna, án þess að það hafi í för með sér merkjanlega útlitsbreytingu á möstrum og búnaði.
- Rekstraröryggi línuleiðar á þessum kafla verður því óbreytt frá því sem upphaflega lá fyrir um öryggi aðalvalkostar í umhverfismatsskýrslu.

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi náttúruvá og rekstraröryggi á svæði C sem verður eftir sem áður **nokkuð neikvæð**.

3.13 Náttúruvá og persónuöryggi

3.13.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Á þessum kafla er ekki snjóflóðahætta, en ísing frekar talin geta haft áhrif á rekstur línunnar. Þar sem hönnunarforsendur í nýju línustæði munu miða við að geta tekist á við auknar líkur á ísingu er ekki talið að færsla línunar leiði til þess að frekar þurfi að ráðast í viðgerðir þar. Þá er aðgengi að nýju línustæði gott.

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á áhættu hvað varðar náttúruvá og persónuöryggi sem verður eftir sem áður **töluverð** vegna snjóflóða, **nokkuð neikvæð** hvað varðar veður og aðgengi og **lítil** hvað varðar bratta.

3.14 Áhrif á loftslag

3.14.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið

Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Eftirfarandi er helsti munur með tilliti til loftslags á þessum kafla:

- Ekki talið að breytingar verði á áhrifum á loftslag vegna breyttrar legu.

Breyting á legu aðalvalkostar hefur ekki áhrif á heildar vægiseinkunn varðandi loftslag á svæði C sem verður eftir sem áður **nokkuð neikvæð**.

3.15 Landnotkun

3.15.1 Samanburður aðalvalkostar á svæði C við breytta línuleið


Breytt lega aðalvalkosts í Hörgársveit og Akureyrarbæ er á um 17 km kafla en heildarlengd aðalvalkostar á svæði C er um 63 km. Eftirfarandi er helsti munur með tilliti til landnotkunar á þessum kafla:

- Forsendur vegna svæðisskipulags eru óbreyttar.
- Forsendur vegna aðalskipulags Hörgársveitar og Akureyrar eru óbreyttar.
- Breyta þarf aðalskipulagi Hörgársveitar áður en framkvæmdir við Blöndulínu 3 geta hafist. Setja þarf legu aðalvalkosts innan sveitarfélagsins á aðalskipulag, alls um 44 km kafla.
- Breyta þarf aðalskipulagi Akureyrar áður en framkvæmdir við Blöndulínu 3 geta hafist. Setja þarf legu aðalvalkosts innan sveitarfélagsins á aðalskipulag, alls um 2,3 km kafla.
- Breytt lega fer fjær skilgreindu frístundalandi í landi Garðshorns en upphaflegur aðalvalkostur gerir ráð fyrir á þessum kafla.

- Breytt lega verður ekki í landi Laugalands og Grjótgarðs í Hörgársveit eins og hefði orðið með legu upphaflegs aðalvalkostar.

Tafla 3.2 Yfirlit yfir verndarsvæði í nágrenni valkosta Blöndulínu 3.

Vernd	Verndarsvæði	Sveitarfélag	Samspil við Blöndulínu 3
	Allt vatnasvið Hörgár er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar. Innan fjarsvæðisins eru skilgreindir eftirfarandi landnotkunarflokkar; efnistökusvæði, landbúnaður, opið svæði til sérstakra nota og frístundabyggðarsvæði. Allar framkvæmdir á þeim svæðum þurfa frekari fyriræli Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til þess að tryggja öryggi vatnsverndarsvæða.	Hörgársveit	Breytt lega mun liggja um fjarsvæðið eins og aðalvalkostur gerði. Um framkvæmdir og rekstur mannvirkja gilda reglur sem fara þarf eftir og tilgreina í umsókn um framkvæmdaleyfi.
	Votlendi stærra en 2 ha	Hörgársveit	Nokkuð er um votlendissvæði í Hörgárdal, Moldhaugnahálsi og Kræklingahlíð. Báðar leiðir munu raska votlendi, en breytt lega öllu minna en aðalvalkostur.
	Fossar		Breytt lega er fjær fossaröð í Fossá en aðalvalkostur.



Mynd 3.3 Verndartakmarkanir í nágrenni við breytta legu Blöndulínu 3 í Hörgársveit og á Akureyri¹.

¹ Votlendi stærri en 2 ha er af kortasjá NÍ. Í úttekt fyrir Blöndulínu 3, sem fjallað er um í kafla 8 í umhverfismatsskýrslu, kom í ljós ósamræmi í kortasjá og skráningu á vettvangi.

4 Niðurstaða samanburðar

Í töflu 4.1 er heildaryfirlit yfir hvort áhrif eru meiri eða minni á hvern umhverfisþátt á þessum kafla aðalvakosts eða breyttrar legu.

Tafla 4.1 Samantekt á samanburði áhrifa aðalvakostar og breyttrar legu á 17 km kafla í Hörgársveit og á Akureyri. **Rauður** litur merkir að áhrif breytingar eru neikvæðari en aðalvalkostur, **grænn** litur að áhrif breytingar eru jákvæðari en aðalvalkostur og enginn litur merkir óverulegan til engan mun.

Umhverfisþættir	Breytt lega - munur á áhrifum
Vistgerðir og flóra	Um 40 ha minna votlendi sem raskast vegna breytingar. Líklegt að virkni vistgerða hafi síður verið raskað í breyttri legu og að gróður þar er líklega viðkvæmari vegna hæðarlegu og geta vistgerða til að jafna sig er síðri en neðar í landi.
Jarðmyndanir	Heildar rask er meira vegna nýrrar legu (17,8 ha) en vegna aðalvakosts (14,7 ha) vegna meiri slóðagerðar. Breytt lega er fjær fossaröð í Fossá.
Fuglalíf	Óverulegar breytingar, lína færast fjær Hörgá og styttest um 1 km.
Vatnalíf	Óverulegar breytingar.
Fornleifar	Alls 32 fornleifum færra á leið breyttrar legu. Engar fornleifar með mjög mikið verndargildi eru í hættu vegna breyttrar legu en voru áður 5 talsins.
Landslag og ásýnd	Landslagsheild Hörgárdalur neðri: Við breytta legu færast línan ofar í hlíðina og fjær bæjum og þar sem fólk er helst á ferðinni í Hörgárdal. Nemur færslan mest um rúmlega 1 km. Sýnileiki verður almennt minni eftir færslu, einkum í syðsta hluta heildarinnar við innstu bæi á Þelamörk. Fyrir færslu lá línan næst bænum Garðshorni, en við færslu fer fjarlægð línu frá bænum úr 200 m í rúmlega 700 m. Sjónræn áhrif eru talin minnka innan landslagsheildar. Landslagsheild Kræklingahlíð: Við breytta legu færast línan ofar í hlíðina og fjær byggð og þar sem fólk er helst á ferðinni í Kræklingahlíð. Nemur færslan mest um rúmlega 700 m. Fyrir færslu lá línan næst bænum Ásláksstöðum, en við færslu fer fjarlægð línu frá bænum úr 300 m í rúmlega 600 m. Eftir færslu fer línan að meira leyti um land þar sem ekki liggur háspennulína í dag. Færsla mun fela í sér fleiri hornmöstur og meiri slóðagerð. Sjónræn áhrif eru talin minnka innan landslagsheildar. Landslagsheild Akureyri: Við breytta legu færast línan ofar í hlíðina á nyrðri helming leiðarinnar innan landslagsheildar og fer þar um land þar sem ekki liggur háspennulína í dag. Að öðru leyti er lega línu óbreytt og á heildina litið eru breytingar litlar innan landslagsheildar.
Ferðapjónusta og útivist	Óverulegar breytingar.
Landbúnaður og skógrækt	Línusvæði í breytingatillögu er sambærilegt því sem er í upphaflegum aðalvalkosti liggur að mestu leyti um beitarlönd og verður þ.a.l. lítil breyting á áhrifum á landbúnað og landbúnaðarstarfsemi. Lína verður um 1 km styttri í beitarlandi eftir breytingu og línumöstrum fækkar um 7 möstur og línuvegir styttest sem því nemur. Breytt lega verður almennt fjær bæjarhlöðum og athafnasvæðum bænda. Þessi breyting hefur jákvæð áhrif, þar sem minnsta fjarlægð í upphaflegum aðalvalkosti frá bæjarhlaði er um 170 m, en eftir breytingu er fjarlægð frá bæjarhlöðum hvergi undir 600 m. Umfang línuvega í skipulögðum skógræktarsvæðum minnkar. Minni áhrif vegslóða en vegna aðalvakostar.
Atvinnubrúun og samfélag	Óverulegar breytingar.
Heilsa, öryggi og vatnsgæði	Óverulegar breytingar varðandi rafsegulsvið og vatnsvernd. Minni áhrif vegna hávaða vegna meiri fjarlægðar í íbúðarhús.

Umhverfisþættir	Breytt lega - munur á áhrifum
Náttúruvá og rekstraröryggi	Rekstraröryggi línuleiðar á þessum kafla eftir breytingu verður óbreytt frá því sem upphaflega lá fyrir um öryggi aðalvalkostar í umhverfismatsskýrslu.
Náttúruvá og persónuöryggi	Hefur ekki áhrif á áhættu hvað varðar náttúruvá og persónuöryggi á svæði C sem verður eftir sem áður töluverð hvað varðar snjóflóð, nokkur hvað varðar veður og aðgengi og lítil hvað varðar bratta.
Loftslag	Óverulegar breytingar.
Landnotkun	Óverulegar breytingar. Breytt lega mun liggja um tveimur færri jarðir en aðalvalkostur.

5 Aðrar mögulegar breytingar á legu Blöndulínu 3

Eftir að umhverfismatsskýrsla lá fyrir og ljóst var hvaða valkost Landsnet legði fram sem aðalvalkost, skapaðist umræða um hvort mögulegt svigrúm væri til breytinga á legu línunnar annars staðar á línuleiðinni en á því svæði sem fjallað hefur verið um hér og/eða nánari útfærslu framkvæmdarinnar. Ákveðið var hins vegar að bíða eftir álit Skipulagsstofnunar áður en lengra yrði haldið í umræðum um þær mögulegu breytingar. Komi til þess á seinni stigum, eftir að álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um Blöndulínu 3, að hnika til eða breyta legu línunnar á öðrum svæðum, verður farið með þá breytingu í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana og spurst fyrir um matsskyldu.

BLÖNDULÍNA 3 – UMHVERFISMATSSKÝRSLA

VIÐAUKI 1

Grunnástand gróðurs á fyrirhugaðri færslu
aðalvalkosta Blöndulínu 3 um Moldhaugaháls
og sambærilegs hluta línuleiðar C2



MINNISBLAÐ

Dagsetning: 28.10.2022

Sendandi: Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands

Viðtakandi: Rúnar Dýrmundsson, Mannvit, Hlín Benediktsdóttir, Landsnet

Tilvísun: 202206-0010

Efni: Grunnástand gróðurs á fyrirhugaðri færslu aðalvalkosti Blöndulínu 3 um Moldhaugaháls og sambærilegs hluta línuleiðar C2.


Í skoðun er að hliðra línuleið C2, sem er hluti af aðalvalkosti Blöndulínu 3, á um 18 km löngum kafla frá Hörgárdal um Moldhaugaháls til Akureyrar. Landsnet leitaði álits sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar í maí 2022 hvort þörf væri á frekari vettvangsúttekt vegna þessara áforma. Var það metið sem svo að ekki væri brýnt að safna nýjum gögnum á vettvangi þar sem gögn úr fyrri úttektum (Guðmundur Guðjónsson o.fl. 2009, Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2021) og öðrum verkefnum (t.d. Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen 2011) sem og nýjar loftmyndir sem Landsnet áformaði að safna yfir sumarið myndu duga til að útbúa endurskoðað vistlendakort, sambærilegt þeim sem gefin voru út í skýrslu 2021, flórulesta fyrir æðplöntur, mosa og fléttur og gera grein fyrir grunnástandi gróðurs á færsluleggnum.

Í júní óskaði Landsnet eftir því að NÍ ynni greiningu á hliðrun línuleiðar C2 frá Bægisá í Hörgárdal að Rangárvöllum á Akureyri. Í samþykktri verkáætlun frá 2. september 2022 var gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun kortlegði vistlendi á færsluleggnum og gerði grein fyrir plöntutegundum á svæðinu. Niðurstöðum yrði skilað í minnisblaði þar sem eftirfarandi spurningum yrði svarað:

- hvernig er gróðurfarið á færsluleggnum almennt
- hvaða vistlendi og vistgerðir eru á færsluleggnum og hvert er grunnástand þeirra
- hvert er verndargildi þeirra vistgerða sem vistlendin samanstanda af
- hvert er flatarmál vistlenda (í besta falli vistgerða) og grunnástand í samanburði við sambærilegan legg á línuleið C2
- hvaða plöntutegundir finnast á færsluleggnum, hvert er verndargildi flóru og hvernig er það í samanburði við samsvarandi legg á línuleið C2

Samkvæmt þeim gögnum sem hér er unnið út frá er færslan á leið C2 tæplega 17 km löng samanborið við um 18 km langan kafla á sambærilegum hluta línuleiðar C2. Er athugunarsvæði færsluleggssins um 5,1 km² en sambærilegt svæði á leið C2 er 5,5 km². Mun færsluleggurinn vera um 100 m hærri í hlíðum Hörgárdals, um Moldhaugaháls og ofan Kræklingahlíðar en gert var ráð fyrir í aðalvalkosti (1. mynd). Þar sem mest lætur getur lárétt hliðrun línuleiðarinnar numið yfir 1 km.





1. mynd. Færsluleiðin frá Hörgárdal um Moldhaugaháls til Akureyrar og sambærilegur kaflilínuleiðar C2 ásamt 150 m jaðarsvæði.

Fyrirliggjandi gögn

Til er gróðurkort frá fyrri úttekt vegna Blöndulínu 3 frá árinu 2008 (Guðmundur Guðjónsson o.fl. 2009) þar sem úttektarsvæðið um Moldhaugaháls var haft breiðara en tíðkaðist annars staðar á línuleiðum í þeirri úttekt, einmitt þar sem fyrir lá að línuleiðinni yrði mögulega hnikað til. Nær hluti þess gróðurkorts inn á færslulegginn. Innan Akureyrarkaupstaðar er til gróðurkort frá árinu 2010 (Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen 2011). Í vettvangsúttekt vegna Blöndulínu 3 árið 2019 var farið um hluta færsluleggjarins um Moldhaugaháls og voru vistgerðir og tegundir m.a. skráðar á þeim kafla (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2021). Á og við Moldhaugaháls eru því til nýleg vettvangsgögn sem gagnast við þessa vinnu.

Í júní 2022 fór fólk á vegum Landsnets um svæðið við skoðun línuleiða og ljósmyndatöku og voru hnitsettar ljósmyndir úr þeirri úttekt nýttar við að greina vistlendi og vistgerðir. Í ágúst 2022 stóð Landsnet fyrir loftmyndatöku af færsluleggnum. Fengust síðustu myndkort afhent í lok september ásamt landupplýsingaþekju sem sýndi lokastaðsetningu færsluleggjarins.

Aðferðir

Vistlendi

Útbúnar voru landupplýsingaþekjur sem sýndu staðsetningu ljósmynda og skráninga frá vinnu NÍ á vettvangi sumarið 2019 sem og staðsetningu ljósmynda Landsnets frá sumrinu 2022. Myndkort úr loftljósmyndatöku á vegum Landsnets voru notuð sem grunnur til að teikna upp



vistlendi en þar sem þeim slepti var stuðst við myndgrunn Loftmynda ehf. Myndkort Landsnets nýttust mjög vel við að greina mörk vistlenda en fljótt varð ljóst að ekki var gerlegt að greina sundur líkar vistgerðir nema í undantekningartilfellum. Jafnframt hefði teiknivinnan orðið mjög tímafrek væri leitast við að afmarka vistgerðir. Því var farin sú leið að kortleggja einvörðungu vistlendi, sem er sambærilegt við framsetningu vistlendakorta í gróðurskýrslunni frá 2021 og gróðurlendakorta í skýrslunni frá 2009, en gera grein fyrir vistgerðum á færsluleggnum í orðum. Umfjöllun um vistgerðir á færsluleiðinni byggir á vettvangsathugunum og vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar 2019 og þeim gögnum sem birtust í gróðurskýrslu 2009, sem og ljósmyndum Landsnets frá 2022 af færsluleiðinni.

Vistlendakort í mælikvarða 1:25.000 var unnið fyrir færslulegginn á athugunarsvæði sem tók til 150 m jaðarsvæðis út frá fyrirhugaðri línuleið, alls 300 m breiðs beltis. Miðar flatarmál og hlutfall vistlenda á færsluleggnum við þetta svæði. Gæði nýju myndkortanna gáfu tilefni til að endurskoða fyrri kortlagningu enda um nýrri og nákvæmari myndkort að ræða. Var því unnin endurskoðun á vistlendakortinu sem fylgdi gróðurskýrslunni frá 2021 á þeim köflum sem sköruðust milli línuleiðar C2 og færsluleggsins, auk þess að gallar í kortinu milli bæjanna Syðri-Bægisár og Garðshorns voru lagfærðir. Þá var reiknað flatarmál og hlutfall vistlenda á athugunarsvæði þess hluta línuleiðar C2 sem er sambærilegt færsluleggnum.

Flóra

Unninn var flórulesti fyrir æðplöntur, mosa og fléttur sem á við um þann hluta línuleiðar C2 sem færsluleggurinn tekur til. Listinn fyrir æðplöntur var unninn upp úr skráningum af vettvangi frá árinu 2019 og 2008 og unnar voru í gróðurúttektum vegna Blöndulínu 3. Skráningar frá árinu 2019 eru frá Laugalandshéið, Moldhaugahálsi og nyrsta hluta Kræklingahlíðar og samsvara þær færsluleggnum sem hér er til umfjöllunar. Til eru skráningar sunnar í Kræklingahlíð frá árinu 2008 sem að líkindum eiga við línuleiðina. Engar nýlegar skráningar eru af vettvangi Hörgárdalsmegin þar sem færslan er fyrirhuguð.

Í flórulestanum eru jafnframt plöntuskráningar úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar og er listi fyrir mosa og fléttur eingöngu úr þeim grunni. Skráningar úr gagnagrunni eru eldri en þessi verkefni og eru sumar þeirra komnar mjög til ára sinna og staðsetning skráninga misnákvæmar. Því ríkir oft nokkur óvissa um hvort taka eigi tillit til þeirra þegar gerð er grein fyrir flóru viðkomandi valkosta. Í því ferli er hver skráning skoðuð og metið hvort hún skuli fylgja plöntulista fyrir línuleiðir.


Í gróðurskýrslu 2021 var birtur flórulesti fyrir valkost C2 frá Norðurárdal að Akureyri (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2021) og er sá listi sem hér var unninn sambærilegur honum nema að búið er að hreinsa út þær skráningar sem eiga við legginn sunnan Bægisár að Egilsá í Norðurárdal í Skagafirði. Flóruleistinn á jafnt við um færslulegginn og sambærilegan hluta valkosta C2 enda er fremur stutt á milli þessara línuleiða og nákvæmni í staðsetningu skráninga býður ekki upp á aðgreiningu milli valkostanna.



Grunnástand gróðurs

Vistlendi, vistgerðir og verndargildi

Niðurstöður kortlagningar vistlenda á færsluleggnum gefa til kynna að mólendi og votlendi séu ríkjandi vistlendi en mólendi er á um 300 ha innan athugunarsvæðisins eða á 58% þess (2. mynd og 1. tafla, stærra vistlendakort af færslulegg er í 1. viðauka). Votlendi er á 135 ha eða 26% færsluleggsins. Þar næst er graslendi á um 5% athugunarsvæðisins sem jafngildir 26 ha lands. Af lítið grónum vistlendum eru melar og sandlendi á 14 ha en skriður og klettur og moldir eru á rúmlega 2 ha lands hvor. Aðrar landgerðir taka til um 7% svæðisins.



2. mynd. Vistlendi og landgerðir á færsluleið og sambærilegum hluta línuleiðar C2 frá Hörgárdal um Moldhaugaháls inn á Akureyri. Vistlendi á hvorri leið fyrir sig eru jafnframt sýnd á stærri kortum í 1. og 2. viðauka.

Af þessu má ráða að landið sem færsluleggurinn tekur til er að langmestu leyti vel gróið land. Ríkjandi mólendisvistgerðir eru lyngmóavist á láglendi og fjalldrapamóavist en þær eru vel grónar vistgerðir sem finnast í þurru landi og eru ýmsar lyngtegundir og fjalldrapi ríkjandi í gróðurþekju (3. mynd). Töluvert af grasmóavist og starmóavist er á athugunarsvæðinu og hafa báðar vistgerðirnar grasleitt yfirbragð (4. mynd). Skil á milli grasmóavistar og graslendisvistgerða, s.s. língresis- og vingulsvistar eða snarrótarvistar, eru oft óglögg og vel má vera að útbreiðsla graslendis sé meiri en hér kemur fram. Starmóavist finnst hins vegar á mörkum votlendis og þurrara mólendis og telst talsverður hluti mólendis á færsluleggnum til þessarar vistgerðar enda eru miklir votlendisslakkar í hlíðum Hörgárdals og í Kræklingahlíð. Nokkuð er um víði í mólendinu, einkum Hörgárdalsmegin og þá helst í grennd við Krossastaðaá og eru flákar af víðikjarrvist á þeim slóðum. Á stöku stað vex birki en hvergi í þeim mæli að það mætti flokka til vistgerða skóglendis. Töluverður breytileiki getur verið í



þekju innan vistlenda og þá einkum mólendis. Til dæmis er flagmóavist, sem nokkuð er af á færsluleggnum, fremur þurr og rofið mólendi þar sem skín í flög eða moldir.

Verndargildi mólendisvistgerða er nokkuð breytilegt eftir vistgerðum. Hæst er verndargildi víðikjarrvistar en gildi hennar var metið mjög hátt í frummati og endurmati (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016, Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019). Þá eru lyngmóavist og grasmóavist með hátt verndargildi en aðrar mólendisvistgerðir á athugunarsvæðinu með miðlungi hátt gildi (fjalldrapamóavist, starmóavist og flagmóavist).

1. tafla. Flatarmál vistlenda og landgerða og hlutfallslegt flatarmál þeirra á athugunarsvæði færsluleiðar um Moldhaugaháls og sambærilegum hluta línuleiðar C2.

Vistlendi	Færsluleið		C2 sambærileg færslu	
	ha	%	ha	%
Melar og sandlendi	14,2	2,8	9,9	1,8
Moldir	2,2	0,4	1,4	0,3
Skriður og klettar	2,5	0,5	2,5	0,5
Eyrar	0,3	0,1	0,2	<0,1
Moslendi	0,1	<0,1	<0,1	<0,1
Votlendi	135,2	26,3	177,2	32,3
Graslendi	26,3	5,1	30,6	5,6
Mólendi	299,8	58,4	280,8	51,2
Þéttbýli og annað manngert land	2,6	0,5	4,9	0,9
Tún og akurlendi	3,7	0,7	4,1	0,8
Skógrækt	23,6	4,6	32,9	6,0
Alaskalúpína	0,7	0,1	0,6	0,1
Uppgræðslur	1,2	0,2	1,4	0,2
Skógarkerfill og fleiri áþekkar tegundir	1,4	0,3	1,4	0,3
Ár	0,7	0,1	0,4	0,1
Heildarsumma	513,8	100	548,4	100
Flatarmál í km²	5,1		5,5	





3. mynd. Lyngmóavist í forgrunni í Hörgárdal. Fjær eru sinulitir votlendisflákar. Ljósm. Landsnet, 14. júní 2022.



4. mynd. Starmóavist í deiglendi í Hörgárdal. Vistgerðin hefur grasleitt yfirbragð en töluvert er um starir í þekju. Ljósm. Landsnet, 14. júní 2022.



Votlendi finnst á öllum færsluleggnum en langmest er um að ræða hallamýrar í hlíðum og slökkum. Miklir lítt raskaðir votlendisslakkar eru á Fossárheiði norðan Fossár og á Laugalandsheiði að Moldhaugahálsi (5. mynd). Eyjafjarðarmegin er líka umtalsvert votlendi en þar blandast það saman við mólendi í mikilli mósaík eins og oft er í brattari fjallshlíðum (6. mynd). Votlendi hefur verið raskað vegna framræslu í Hörgárdal sunnan Bægisár og í Eyjafirði eru stöku skurðir ofan Hraukbæjar og Bitrugerðis en þéttara skurðanet er í landi Ásláksstaða.

Vistgerðir votlendisins á þessum slóðum eru einkum runnamýravist á láglandi, tjarnastararflóavist og starungsmýravist en tvær fyrstnefndu eru einkum áberandi Hörgárdalsmegin. Þessar vistgerðir hafa allar mjög hátt verndargildi bæði í frummati og endurmati auk þess sem þær eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Council of Europe 2019). Á Fossárheiði og Laugalandsheiði að Moldhaugahálsi er það allsamtítt og eru stærstu votlendisflæmin innan athugunarsvæðisins um 20-30 ha að flatarmáli. Því má telja nokkuð öruggt að votlendið á þessum hluta leiðarinnar njóti verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013), sem kveður á um að hallamýrar, flóar, flæðimýrar eða rústamýrar, sem eru stærri en 20.000 m² (2 ha), njóti verndar. Þá er ekki tekið tillit til þess að sum þessara votlendissvæða ná lengra út fyrir 300 m breitt athugunarsvæðið og því gætu fleiri votlendissvæði fallið undir þetta ákvæði.



5. mynd. Votlendisslakkar í grennd við Moldhaugahálsi á Laugalandsheiði. Runnamýravist og tjarnastararflóavist eru helstu vistgerðir. Ljósmynd. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 22. ágúst 2019.





6. mynd. Mósaik votlendis og mólendis í Kræklingahlíð. Starungsmýravist og tjarnastararflóavist einkenna votlendi en lymgmóavist og grasmóavist eru víða áberandi í mólendi. Ljósmynd. Járngerður Grétarsdóttir, 22. ágúst 2019.

Graslendi er á stöku blettum á færsluleggnum þar sem língresis- og vingulsvist og finnugsvist eru í kvosum. Til graslendis flokkast einnig grasengjar en vistgerðin einkennir til að mynda framræst land þar sem þurrkun jarðvegs hefur breytt tegundasamsetningu votlendis og það verður grasgefið deiglendi og stundum blómríkt. Allnokkuð af grasengjum er á framræstu landi í Kræklingahlíð og inn að Akureyri. Snarrótarvist er einnig að finna í grennd við tún og bæi.

Verndargildi graslendisvistgerða er hátt metið enda yfirleitt um að ræða gróskumiklar vistgerðir með nokkuð kolefnisríkum jarðvegi. Allar eru vistgerðirnar á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Lítið gróið land er helst að finna á hæðum í landslagi í grennd við Húsá, milli Fossár og Krossastaðaár og á Moldhaugahálsi þar sem melavistgerðir, einkum víðimelavist, er að finna. Stöku moldarflög voru kortlögð sem moldavist væru þau nægilega flatarmikil og finnast þau hér og hvar yfir alla færsluleiðina. Moldavist rennur þó víða saman við flagmóavist þar sem mólendi er mjög rofið. Skriður og klettur eru við farveg Bægisár og eyrar í árfarvegum.

Þegar kemur að öðrum landgerðum er skógrækt þeirra umfangsmest á færsluleggnum en skógrækt er á 24 ha lands eða tæpum 5% athugunarsvæðisins. Skógrækt er stunduð við Bægisá, við Ásláksstaði og í grennd við Akureyri. Um ræktun og vernd nýrra skóga gilda lög um skóga og skógrækt (33/2019) og er felling þeirra háð leyfi Skógræktarinnar. Þá eru fáein svæði með alaskalúpínu, skógarkerfli og uppgræðslum í grennd við Akureyri en þessir flokkar taka lítið til sín á færsluleggnum. Tún og akurlendi eru lítill hluti athugunarsvæðisins suður af Bægisá og við Akureyri. Þá eru engir vegir frá Bægisá að Ásláksstöðum á færsluleggnum. Vegi og byggingar þéttbýlis er einkum að finna í grennd við Rangárvelli á Akureyri. Rangárvallalína 1 liggur í grennd við færsluleiðina um Moldhaugaháls og fylgir henni á stuttum kafla ofan bæja í Kræklingahlíð.



Vistlendi, vistgerðir og ástands lands á sambærilegum hluta línuleiðar C2 og samanburður við færsluleið

Sá hluti línuleiðar C2 sem er sambærilegur færsluleggnum liggur um 100 m neðar í hlíðum í Hörgárdal og Eyjafirði (2. mynd). Leiðin er þar af leiðandi lægra yfir sjávarmáli og liggur nær bæjum og ræktarlandi þeirra, beitarhólfum og vegslóðum. Leiðin er um 1 km lengri en færsluleiðin.

Mólendi er umfangsmesta vistlendið og þekur 281 ha athugunarsvæðisins, sem er um 20 ha minna en á færsluleggnum (1. tafla, 2. viðauki).

Meira er um votlendi á þessari leið, eða um 40 ha meira en á færsluleiðinni. Líkt og á færsluleiðinni eru miklir, lítt raskaðir og oft samfelldir votlendisflákar á milli Fossár og Krossastaðaár, á Laugalandsheiði að Moldhaugahálsi, sem og í Kræklingahlíð. Nemur flatarmál stærstu votlendisflákanna innan athugunarsvæðisins 30-50 ha og heyra þessi svæði því undir 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) líkt og votlendisflákarnir á sambærilegum hluta færsluleggsins.

Nokkuð meira graslendi er skráð á leiðinni eða 31 ha samanborið við 26 ha á færsluleiðinni.

Nánast ekkert moslendi er á leiðinni og á það einnig við um færslulegginn. Leiðin er því mjög vel gróin og er flatarmál lítið gróinna vistgerða, þ.e. mela og sandlendis, molda og eyra, minna en á færsluleggnum.

Nálægð við byggð endurspeglast í herra flatarmáli annarra landgerða á borð við þéttbýli, tún og akurlendi og skógrækt (1. tafla). Er skógrækt kortlögð á um 33 ha samanborið við 24 ha á færsluleiðinni. Framræsluskurðir í votlendi ná nokkuð víðar inn á línuleiðina eða liggja alveg við athugunarsvæðið í samanburði við færslulegginn.

Í gróðurskýrslu frá 2021 er gerð lýsing á gróðurfari og vistgerðum á þessum kafla á línuleið C2 og sömuleiðis í gróðurskýrslu 2009 þar sem gróðurfélögum var lýst og er vísað í þær lýsingar hér. Í grófum dráttum eru vistgerðir á þessum kafla línuleiðar C2 þær sömu og taldar voru fram fyrir færslulegginn hér að framan og er verndargildi þeirra því áþekkt. Þó má segja að áhrif mannvistar séu meiri á vistgerðir á leið C2, í samanburði við færsluleiðina, þar sem leiðin liggur nær bæjum og beitarlandi, skógræktarsvæðum og framræsluskurðum, sem hefur áhrif á tegundasamsetningu vistgerðanna og rýrir lítilla verndargildi þeirra.

Hafa þarf nokkurn fyrirvara á flatarmálstölum fyrir þennan hluta línuleiðar C2 hvað varðar samanburð við færsluleiðina þar sem en hann byggir að umtalsverðu leyti á gróðurkortlagningu frá 2008 sem var unnin af eldri og grófari myndkortum.

Flóra

Alls eru skráðar 189 æðplöntutegundir frá Bægisá að Rangárvöllum og eiga skráningarnar jafnt við um færslulegginn og sambærilegan hluta valkosta C2. Eru langflestar þeirra algengar um land allt (3. viðauki).

Mariulykill (*Primula stricta*, verndargildi 8 af 10) er eina tegundin á listanum sem skráð er á valista (EN: tegund í hættu, Náttúrufræðistofnun Íslands 2018) og friðlýst skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna (nr. 1385/221). Tegundin er skráð í grennd við línuleiðina en þessi skráning var tekin til nánari skoðunar í gróðurskýrslu 2021. Var það niðurstaðan, m.a. sökum óvissu og aldurs skráningar, að ekki væri tilefni til að hafa áhyggjur af því að tegundin



fyndist í nágrenni línuleiðar og efnistökusvæða. Engar aðrar æðplöntutegundir á válista eða friðlýstar tegundir eru skráðar á því svæði sem færslan er fyrirhuguð.

Aðrar nokkuð fágætar tegundir sem fundist hafa nýlega í grennd við færslulegginn sem og sambærilegan kafla línuleiðar C2 eru eftirfarandi:

- laugamaðra (*Galium uliginosum*) er fremur sjaldgæf tegund (verndargildi 6) og finnst einkum í deiglendi, á grasi vöxnum bökkum og í mýrajöðrum. Útbreiðsla hennar er gloppótt um landið en hún finnst til að mynda í innanverðum Skagafirði og Eyjafirði, á Fljótsdalshéraði og fleiri stöðum (Hörður Kristinsson o.fl. 2018). Hún fannst á vettvangi 2019 og 2008 í Kræklingahlíð við Moldhaugaháls;
- bjöllulilja (*Pyrola grandiflora*) er fremur sjaldgæf tegund (verndargildi 6) og vex einkum í hálfdeigum lyngmóum eða kjarrlendi og er helst að finna frá Eyjafirði austur á norðanverða Austfirði (Hörður Kristinsson o.fl. 2018). Hún fannst á vettvangi 2008 í Kræklingahlíð ofan Akureyrar auk þess sem hún er skráð á Moldhaugahálsi í gagnagrunni;
- héluvorblóm (*Draba nivalis*) er fremur sjaldgæf tegund (verndargildi 4) sem vex strjált í klettum á hæðarbungum, hrauntoppum eða á jarðvegstorfum utan í klettum og er einkum að finna á landrænu svæðunum innan til á Norðausturlandi (Hörður Kristinsson o.fl. 2018, Hörður Kristinsson 2010). Hún er skráð í gagnagrunni í grennd við Garðshorn í Hörgárdal;
- dvergstör (*Carex glacialis*) er algeng (verndargildi 4) á hinu landræna svæði norðan jökla og vex einkum á melbrúnum og klapparholtum sem að jafnaði standa upp úr snjó á veturna (Hörður Kristinsson o.fl. 2018). Tegundin er skráð í gagnagrunni á Moldhaugahálsi og í Kræklingahlíð.

Eins og sjá má í 3. viðauka eru til töluverðar skráningar á æðplöntum á umræddum kafla línuleiðar C2. Þó hafa ekki farið fram nýlegar skráningar á vettvangi í Hörgárdal þar sem færslan er fyrirhuguð og því ekki hægt að útiloka að einhverjar fágætar tegundir fyrirfinnist á því svæði sem færslan tekur til. Slíkt er aðeins hægt að kanna með því að ganga leiðina og jafnvel þá er það að nokkru leyti tilviljun háð hvort merkisplöntur finnast.

Alls eru skráðar 170 mosategundir í gagnagrunni á þeim hluta línuleiðarinnar sem um ræðir (4. viðauki). Hvað fléttur varðar eru alls skráðar 56 tegundir í gagnagrunni á eða við línuleiðina (5. viðauki). Engin þessara tegunda er á válista eða friðuð skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna (nr. 1385/221). Frekari umfjöllun um mosa og fléttur má finna í gróðurskýrslu 2021.

Samantekt

Framkvæmdin mun skerða lítt raskað land, þar með talið votlendi sem heyrir undir 61. gr. laga um náttúruvernd og votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi. Gildir þá einu hvor leiðin verður fyrir valinu. Færsluleiðin er þó um 1 km styttri en sambærilegur hluti línuleiðar C2. Sýnir samanburður vistlenda á athugunarsvæðunum að um 40 ha meira er af votlendi á athugunarsvæðinu fyrir þann kafla línuleiðar C2 sem er sambærilegur færsluleiðinni. Vegna ólíkra grunngagna sem liggja að baki kortlagningunni ber þó að skoða flatarmálstölur með fyrirvara.



Á móti kemur að færsluleiðin er fjær bæjum og áhrifa af mannvist gætir því síður. Því er líklegra að tegundasamsetning og virkni vistgerða á færsluleiðinni hafi síður verið raskað, sem hækkar verndargildi þeirra í samanburði við kaflann á línuleið C2. Eins liggur færsluleiðin í um 100 m hærra yfir sjávarmáli, eða í um 300-400 m h.y.s., og má gera ráð fyrir að vegna óhagstæðara veðurfars sé gróður á henni viðkvæmari og geta vistgerða til að jafna sig eftir rask síðri en á sambærilegum hluta aðalvalkosta C2.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er ekki að finna mjög sjaldgæfar eða friðaðar æðplöntutegundir, mosa og fléttur á eða við færslulegginn og sambærilegan hluta línuleiðar C2. Ekki er mögulegt að bera saman verndargildi flóru milli færslunnar og aðalvalkosta C2 vegna þess hve stutt er á milli línuleiðanna og óvissu um staðsetningu skráninga.

Heimildir:

Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021. <https://www.stjornartidindi.is/PdfVersions.aspx?recordId=9ee5ca6c-c4f5-4263-a9b8-e34dc6fdd984> [skoðað 21.10.2022]

Bergþór Jóhannsson 2003. Íslenskir mosar. Skrár og viðbætur. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 44. Reykjavík. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Council of Europe 2019. Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats: Resolution No. 4 (1996) listing endangered natural habitats requiring specific conservation measures. rm.coe.int/16807469e7 [skoðað 1.10.2021]

Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson og Rannveig Thoroddsen 2009. Gróður á leið Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar. Unnið fyrir Landsnet hf. NÍ-09018. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen 2011. Gróðurlist af Glerárdal og heimalandi Akureyrar. Unnið fyrir Akureyrarbæ. NÍ-11006. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hörður Kristinsson 2016. Íslenskar fléttur. 392 tegundum lýst í máli og myndum. Reykjavík: Opna, Hið íslenska bókmenntafélag.

Hörður Kristinsson 2010. Íslenska plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Reykjavík: Mál og menning.

Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson 2007. Vöktun válistaplantna 2002–2006. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 50. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hörður Kristinsson, Jón Baldur Hlíðberg og Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2018. Flóra Íslands. Blómplöntur og byrkningar. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. <https://www.althingi.is/lagas/149c/2013060.html> [skoðað 24.10.2022]



Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2019.033.html> [skoðað 24.10.2022]

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b. Válisti æðplantna. <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna> [skoðað 21.10.2022]

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Járngerður Grétarsdóttir, Rannveig Thoroddsen og Sigmar Metúsalemsson 2021. Úttekt á vistgerðum og flóru vegna Blöndulínu 3. Unnið fyrir Landsnet. NÍ-21006. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson 2019. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-19008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.


Paweł Wąsowicz 2020. Annotated Checklist of Vascular Plants of Iceland. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 57. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. DOI: 10.33112/1027-832X.57

Viðaukar


1. viðauki. Vistlendi á færsluleið um Moldhaugaháls.
2. viðauki. Vistlendi á sambærilegum hluta línuleiðar C2 um Moldhaugaháls.
3. viðauki. Listi yfir æðplöntutegundir á færsluleið og sambærilegum hluta línuleiðar C2.
4. viðauki. Mosategundir sem skráðar voru í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands og fundist hafa á eða við færsluleið og sambærilegan hluta línuleiðar C2.
5. viðauki. Fléttutegundir sem skráðar voru í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands og fundist hafa á eða við færsluleið og sambærilegan hluta línuleiðar C2.



1. viðauki. Vistlendi á færsluleið um Moldhaugaháls.



2. viðauki. Listi yfir æðplöntutegundir á færsluleið og sambærilegum hluta línuleiðar C2.



3. viðauki. Listi yfir æðplöntutegundir sem skráðar eru á eða við færsluleið og sambærilegan hluta línuleiðar C2. Listinn sýnir plöntutegundir sem fundust á vettvangi sumarið 2019 og 2008 og einnig tegundir sem fundist hafa áður á nærliggjandi svæðum samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skráningar í gagnagrunni eru úr 5×5 km flórureitum í reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Algengnimat, verndargildi og hvort tegund sé á válista kemur einnig fram í listanum. Útbreiðsla tegundar á landinu er táknud með fylltum kassa (■) en hversu mikið er af viðkomandi tegund þar sem hún finnst með auðum kassa (□) (sjá nánar hér fyrir neðan). Verndargildi byggir á algengni tegundar og hefur verið skipt í tíu matsflokka (1–10) þar sem sjaldgæfar tegundir fá hátt gildi en algengar tegundir lágt. Nánari skýringar á algengnimati og verndargildi má sjá í Hörður Kristinsson o.fl. (2007).

- Algeng hringinn í kring um landið í miklu magni.
- Finnst hringinn í kring um landið, en ekki mikið af henni.
- Finnst víða um landið, en afar strjál, eða mjög lítið á hverjum stað.
- Finnst í sumum landshlutum, algeng á því svæði.
- Finnst í sumum landshlutum, en í fremur litlu magni.
- Finnst dreifð á hluta landsins, en afar strjál eða sjaldgæf, vantar í suma landshluta.
- Aðeins á einu eða fáum svæðum, en algeng þar sem hún er.
- Aðeins á einu eða fáum svæðum, fremur lítið af henni þar sem hún finnst.
- Aðeins á einum eða fáum stöðum, mjög sjaldgæf eða lítið af henni.

Æðplöntutegundir á svæðinu sem finnast á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands eru með eftirfarandi merkingar: EN (Endangered species): tegund í hættu. Válistaflokkun æðplantna var unnin í samræmi við hættuflokka Alþjóðanáttúruverndarsambandsins (IUCN) og var æðplöntulistinn yfirfarinn út frá nýjum viðmiðum árið 2018 (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018).

Tegundaheiti æðplantna eru samkvæmt Pawel Wąsowicz (2020).

X = Tegundir sem fundust á vettvangi og voru einnig skráðar í gagnagrunni. Xⁿ = Nýskráningar á vettvangi. x = Tegundir eingöngu í gagnagrunni.

Nr.	Latneskt nafn	Íslenskt nafn	Algengni	Verndargildi	Válisti	Friðun	C2 færsla
1	<i>Achillea millefolium</i>	Vallhumall	■■■■□□	1			X
2	<i>Agrostis capillaris</i>	Hálingresi	■■■■□□	1			X
3	<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlíngresi	■■■■□□	1			X
4	<i>Agrostis vinealis</i>	Týtulíngresi	■■■■□□	1			X
5	<i>Alchemilla alpina</i>	Ljóslappi	■■■■□□	1			X
6	<i>Alchemilla filicaulis</i>	Mariústakkur	■■■■□□	1			X
7	<i>Alchemilla glomerulans</i>	Hnoðamariústakkur	■■■■□□	1			x
8	<i>Alopecurus pratensis</i>	Háliðagras	■■■■□□	1			X
9	<i>Angelica archangelica</i> ssp. <i>archangelica</i>	Ætihvönn	■■■■□□	1			x
10	<i>Angelica sylvestris</i>	Geithvönn	■■■■□□	2			x



11	<i>Anthoxanthum nipponicum</i>	Ilmreyr	■■■■□□	1	X
12	<i>Anthriscus sylvestris</i> ssp. <i>sylvestris</i>	Skógarkerfill		0	x
13	<i>Arabidopsis petraea</i>	Melablóm	■■■■□□	1	X
14	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	Sortulyng	■■■■□□	1	x
15	<i>Arenaria norvegica</i>	Skeggsandi	■■■■□□	1	X
16	<i>Armeria maritima</i> ssp. <i>maritima</i>	Geldingahnappur	■■■■□□	1	X
17	<i>Avenella flexuosa</i>	Bugðupuntur	■■■■□□	1	X
18	<i>Bartsia alpina</i>	Smjörgras	■■■■□□	1	X
19	<i>Betula nana</i> ssp. <i>nana</i>	Fjalldrapi	■■■■□□	1	X
20	<i>Betula pubescens</i> ssp. <i>tortuosa</i>	Birki	■■■■□□	1	X
21	<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra	■■■■□□	1	X
22	<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt	■■■■□□	1	X
23	<i>Calamagrostis neglecta</i> ssp. <i>groenlandica</i>	Hálmgresi	■■■■□□	1	X
24	<i>Callitriche brutia</i> ssp. <i>hamulata</i>	Síkjabrúða	■■■■□□	1	x
25	<i>Calluna vulgaris</i>	Beitilyng	■■■■□□	1	X
26	<i>Caltha palustris</i>	Hófsóley	■■■■□□	1	X
27	<i>Campanula rotundifolia</i> ssp. <i>rotundifolia</i>	Bláklukka	■■□□	2	x
28	<i>Capsella bursa-pastoris</i>	Hjartarfi	■■■■□□	1	X
29	<i>Cardamine polemonioides</i>	Hrafnaklukka	■■■■□□	1	X
30	<i>Carex atrata</i>	Sótstör	■■■□	2	x
31	<i>Carex bigelowii</i> ssp. <i>rigida</i>	Stinnastör	■■■■□□	1	X
32	<i>Carex canescens</i>	Blátoppastör	■■■■□□	1	X
33	<i>Carex capillaris</i>	Hárleggjastör	■■■■□□	1	X
34	<i>Carex capitata</i>	Hnappstör	■■■■□□	1	X
35	<i>Carex chordorrhiza</i>	Vetrarkvíðastör	■■■■□□	1	X
36	<i>Carex dioica</i>	Sérbýlisstör	■■■■□□	2	x
37	<i>Carex glacialis</i>	Dvergstör	■■□□	4	x
38	<i>Carex limosa</i>	Flóastör	■■□□	3	X ⁿ
39	<i>Carex lyngbyei</i>	Gulstör	■■■■□□	1	X
40	<i>Carex microglochin</i>	Broddastör	■■■■□□	2	x
41	<i>Carex myosuroides</i>	Þursaskegg	■■■■□□	1	X
42	<i>Carex nigra</i>	Mýrastör	■■■■□□	1	X
43	<i>Carex norvegica</i>	Fjallastör	■■■□	2	X
44	<i>Carex panicea</i>	Belgjastör	■■■■□□	1	X
45	<i>Carex rariflora</i>	Hengistör	■■■■□□	1	X
46	<i>Carex rostrata</i>	Tjarnastör	■■■■□□	1	X
47	<i>Carex rupestris</i>	Móastör	■■□□	3	x
48	<i>Carex saxatilis</i>	Hrafnastör	■■■■□□	1	X
49	<i>Carex vaginata</i> ssp. <i>vaginata</i>	Slíðrastör	■■■■□□	1	X
50	<i>Cerastium alpinum</i> ssp. <i>alpinum</i>	Músareyra	■■■■□□	1	X
51	<i>Cerastium cerastoides</i>	Lækjafraeyrna	■■■■□□	1	X
52	<i>Cerastium fontanum</i> ssp. <i>fontanum</i>	Vegarfi	■■■■□□	1	X
53	<i>Cerastium nigrescens</i> var. <i>laxum</i>	Fjallafræhyrna	■■□□	2	x
54	<i>Chamerion angustifolium</i> ssp. <i>angustifolium</i>	Sigurskúfur	■■■□□	3	x
55	<i>Chamerion latifolium</i>	Eyrarrós	■■■■□□	2	x
56	<i>Coeloglossum viride</i> ssp. <i>islandicum</i>	Barnarót	■■■■□□	1	X
57	<i>Comarum palustre</i>	Engjarós	■■■■□□	1	X
58	<i>Corallorhiza trifida</i>	Kræklurót	■■■□	2	x
59	<i>Cyanus segetum</i>	Garðakornblóm		0	x
60	<i>Cystopteris fragilis</i>	Tófugras	■■■■□□	1	X



61	<i>Deschampsia alpina</i>	Fjallapunktur	■■■□□	1	x
62	<i>Deschampsia cespitosa</i> ssp. <i>cespitosa</i>	Snarrótarpunktur	■■■□□	1	X
63	<i>Draba incana</i>	Grávorblóm	■■■□□	1	X
64	<i>Draba nivalis</i>	Héluvorblóm	■■□	4	x
65	<i>Draba rupestris</i>	Hagavorblóm	■■■□□	1	X
66	<i>Draba verna</i>	Vorperla	■■□□	3	X
67	<i>Dryas octopetala</i>	Holtasóley	■■■□□	1	X
68	<i>Eleocharis quinqueflora</i>	Fitjaskúfur	■■■□□	2	x
69	<i>Elytrigia repens</i>	Húsapunktur	■■■□□	1	X ⁿ
70	<i>Empetrum nigrum</i>	Krækilyng	■■■□□	1	X
71	<i>Epilobium alsinifolium</i>	Lindadúnurt	■■■□□	1	X
72	<i>Epilobium palustre</i>	Mýradúnurt	■■■□□	1	X
73	<i>Equisetum arvense</i>	Klóelfting	■■■□□	1	X
74	<i>Equisetum fluviatile</i>	Fergin	■■■□□	1	X
75	<i>Equisetum palustre</i>	Mýrelfting	■■■□□	1	X
76	<i>Equisetum pratense</i>	Vallelfting	■■■□□	1	X
77	<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski	■■■□□	1	X
78	<i>Erigeron borealis</i>	Jakobsfífill	■■■□□	1	X
79	<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófifa	■■■□□	1	X
80	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	Hrafnafifa	■■■□□	1	X
81	<i>Euphrasia wettsteinii</i>	Augnfró	■■■□□	1	X
82	<i>Festuca richardsonii</i>	Túnvingull	■■■□□	1	X
83	<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull	■■■□□	1	X
84	<i>Fragaria vesca</i>	Jarðarber	■■□□	4	x
85	<i>Galium normanii</i>	Hvítmaðra	■■■□□	1	X
86	<i>Galium uliginosum</i>	Laugamaðra	■■□□	6	X
87	<i>Galium verum</i>	Gulmaðra	■■■□□	1	X
88	<i>Gentiana nivalis</i>	Dýragras	■■■□□	1	X
89	<i>Gentianella amarella</i> ssp. <i>septentrionalis</i>	Grænvöndur	■■■□□	2	x
90	<i>Gentianella campestris</i> ssp. <i>islandica</i>	Mariúvöndur	■■■□□	2	X
91	<i>Geranium sylvaticum</i> ssp. <i>sylvaticum</i>	Blágresi	■■■□□	1	X
92	<i>Geum rivale</i>	Fjalldalafífill	■■■□□	1	X
93	<i>Heracleum persicum</i>	Tröllakló			x
94	<i>Hieracium</i> spp.	Undafíflar			X
95	<i>Hierochloë odorata</i> ssp. <i>odorata</i>	Reyrgresi	■■■□□	1	X
96	<i>Hippuris vulgaris</i>	Lófótur	■■■□□	1	X
97	<i>Huperzia selago</i>	Skollafingur	■■■□□	1	X
98	<i>Juncus alpinoarticulatus</i> ssp. <i>alpestris</i>	Mýrasef	■■■□□	1	X
99	<i>Juncus arcticus</i> ssp. <i>intermedius</i>	Hrossanál	■■■□□	1	X
100	<i>Juncus articulatus</i> ssp. <i>articulatus</i>	Laugasef	■■■□□	2	x
101	<i>Juncus biglumis</i>	Flagasef	■■■□□	1	X
102	<i>Juncus bufonius</i>	Lækjasef	■■■□□	1	X ⁿ
103	<i>Juncus filiformis</i>	Þráðsef	■■□□□	2	x
104	<i>Juncus trifidus</i>	Móasef	■■■□□	1	X
105	<i>Juncus triglumis</i>	Blómsef	■■■□□	1	X
106	<i>Juniperus communis</i>	Einir	■■■□□	2	x
107	<i>Kalmia procumbens</i>	Sauðamergur	■■■□□	2	X
108	<i>Koenigia islandica</i>	Naflagras	■■■□□	1	X
109	<i>Leymus arenarius</i>	Melgresi	■■□□□	1	X ⁿ
110	<i>Linum catharticum</i>	Villilín	■■□□□	3	x
111	<i>Lupinus nootkatensis</i>	Alaskalúpína		0	x



112	<i>Luzula multiflora</i> ssp. <i>frigida</i>	Vallhæra	■■■□□	1				X
113	<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	■■■□□	1				X
114	<i>Luzula sudetica</i>	Dökkhæra	■■□□□	2				x
115	<i>Lycopodium alpinum</i>	Litunarjafni	■■□□	2				X ⁿ
116	<i>Menyanthes trifoliata</i>	Horblaðka	■■■□□	1				X
117	<i>Micranthes stellaris</i> ssp. <i>stellaris</i>	Stjörnusteibrjótur	■■■□□	1				X
118	<i>Micranthes tenuis</i>	Dvergsteinbrjótur	■■□□	3				x
119	<i>Myosotis arvensis</i>	Gleym-mér-ei	■■□□□	1				X
120	<i>Nardus stricta</i>	Finnungur	■■■□□	2				X
121	<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra	■■■□□	1				X
122	<i>Parnassia palustris</i> ssp. <i>palustris</i>	Mýrasóley	■■■□□	1				X
123	<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras	■■■□□	1				X
124	<i>Phleum pratense</i>	Vallarfoxgras	■■■□□	1				X
125	<i>Pilosella islandica</i>	Íslandsffill	■■■□□	1				X
126	<i>Pinguicula vulgaris</i>	Lyfjagras	■■■□□	1				X
127	<i>Platanthera hyperborea</i>	Friggjargras	■■■□□	1				X
128	<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	■■■□□	1				X
129	<i>Poa annua</i>	Varpasveifgras	■■■□□	1				X
130	<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras	■■■□□	1				X
131	<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras	■■■□□	1				X
132	<i>Polygonum aviculare</i> ssp. <i>boreale</i>	Blóðarfi	■■■□□	1				x
133	<i>Potentilla crantzii</i>	Gullmura	■■■□□	1				X
134	<i>Primula stricta</i>	Maríulykill	■□	8	EN	F		x
135	<i>Pseudorchis straminea</i>	Hjónagras	■■■□□	2				X
136	<i>Pyrola grandiflora</i>	Bjöllulilja	■■□□	6				x
137	<i>Pyrola minor</i> var. <i>conferta</i>	Klukkublóm	■■■□□	1				X
138	<i>Ranunculus hyperboreus</i> ssp. <i>hyperboreus</i>	Trefjasóley	■■■□□	2				x
139	<i>Ranunculus reptans</i>	Flagasóley	■■■□□	1				x
140	<i>Ranunculus subborealis</i>	Brennisóley	■■■□□	1				X
141	<i>Rhinanthus minor</i>	Lokasjóður	■■■□□	1				X
142	<i>Rubus saxatilis</i>	Hrútaber	■■■□□	1				X
143	<i>Rumex acetosa</i> ssp. <i>islandicus</i>	Túnsúra	■■■□□	1				X
144	<i>Rumex acetosella</i>	Hundasúra	■■■□□	1				x
145	<i>Rumex longifolius</i>	Njóli	■■■□□	1				x
146	<i>Sabulina rubella</i>	Melanóra	■■■□□	1				x
147	<i>Sagina nodosa</i> ssp. <i>borealis</i>	Hnúskakrækill	■■■□□	1				x
148	<i>Sagina procumbens</i>	Skammkrækill	■■■□□	1				x
149	<i>Sagina saginoides</i>	Langkrækill	■■■□□	1				x
150	<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir	■■■□□	1				X
151	<i>Salix borealis</i>	Viðja		0				x
152	<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir	■■■□□	1				X
153	<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir	■■■□□	1				X
154	<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir	■■■□□	1				X
155	<i>Saxifraga cespitosa</i> ssp. <i>cespitosa</i>	Þufusteibrjótur	■■■□□	1				X
156	<i>Saxifraga hypnoides</i>	Mosasteibrjótur	■■■□□	1				X
157	<i>Saxifraga oppositifolia</i> ssp. <i>oppositifolia</i>	Vetrarblóm	■■■□□	1				X
158	<i>Scorzoneroideis autumnalis</i>	Skariffill	■■■□□	1				X
159	<i>Sedum acre</i>	Helluhnoðri	■■■□□	1				X
160	<i>Sedum annuum</i>	Skriðuhnoðri	■■□□	3				x
161	<i>Sedum villosum</i>	Flagahnoðri	■■■□□	1				X
162	<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni	■■■□□	1				X



163	<i>Sibbaldia procumbens</i>	Fjallasmári	■■■■□□	1	X
164	<i>Silene acaulis</i> ssp. <i>acaulis</i>	Lambagras	■■■■□□	1	X
165	<i>Silene uniflora</i>	Holurt	■■■■□□	1	X
166	<i>Stellaria crassifolia</i>	Stjörnuarfi	■■■□□	2	x
167	<i>Stellaria media</i>	Haugarfi	■■■□□□	1	X
168	<i>Taraxacum</i> spp.	Túnfíflar	■■■□□□		X
169	<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras	■■■□□□	1	X
170	<i>Thymus praecox</i> ssp. <i>arcticus</i>	Blóðberg	■■■□□□	1	X
171	<i>Tofieldia pusilla</i>	Sýki gras	■■■□□□	1	X
172	<i>Trichophorum cespitosum</i> ssp. <i>cespitosum</i>	Mýrafinnungur	■■□□□	1	X
173	<i>Trifolium pratense</i>	Rauðsmári		0	x
174	<i>Trifolium repens</i>	Hvítsmári	■■■□□□	1	X
175	<i>Triglochin palustris</i>	Mýrasauðlaukur	■■■□□□	1	X
176	<i>Trisetum molle</i>	Móalógresi	■■■□□□	1	X
177	<i>Trisetum spicatum</i>	Fjallalógresi	■■■□□□	1	X
178	<i>Vaccinium myrtillus</i>	Aðalbláberjalyng	■■■□□□	1	X
179	<i>Vaccinium uliginosum</i> ssp. <i>uliginosum</i>	Bláberjalyng	■■■□□□	1	X
180	<i>Veronica alpina</i>	Fjalladepla	■■■□□□	1	X
181	<i>Veronica fruticans</i>	Steindepla	■■■□□□	1	X
182	<i>Veronica scutellata</i>	Skriðdepla	■■■□□	2	x
183	<i>Veronica serpyllifolia</i>	Lækjadepla	■■■□□□	1	x
184	<i>Vicia cracca</i>	Umfeðmingur	■■■□□□	2	x
185	<i>Viola canina</i>	Týsfjóra	■■■□□□	1	X
186	<i>Viola epipsila</i> ssp. <i>repens</i>	Birkifjóra	■■□□	3	x
187	<i>Viola palustris</i> ssp. <i>palustris</i>	Mýrfjóra	■■■□□□	1	X
188	<i>Viola tricolor</i> ssp. <i>tricolor</i>	Þrenningarfjóra	■■□□□	3	x
189	<i>Viscaria alpina</i>	Ljósberi	■■■□□□	1	x
Alls skráðar æðplöntutegundir:					189



4. viðauki. Mosategundir sem skráðar voru í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands og fundist hafa á eða við færsluleið og sambærilegan hluta línuleiðar C2.

Tegundaheiti mosategunda eru samkvæmt Bergþóri Jóhannssyni (2003).

Nr.	Latneskt nafn	Íslenskt nafn	Algengni	Verndar- gildi	Válisti	Fríðun
1	<i>Abietinella abietina</i>	Tindilmosi	■■■□			
2	<i>Amblyodon dealbatus</i>	Dropmosi	■■■□			
3	<i>Amphidium lapponicum</i>	Klettagopi	■■■■□□			
4	<i>Amphidium mougeotii</i>	Gjótugopi	■■■■□□			
5	<i>Andreaea rupestris</i>	Holtasóti	■■■■□□			
6	<i>Aneura pinguis</i>	Fleðmosi	■■■■□□			
7	<i>Anthelia juratzkana</i>	Heiðahéla	■■■■□□			
8	<i>Antitrichia curtipendula</i>	Hraukmosi	■■■□			
9	<i>Aongstroemia longipes</i>	Örmosi	■■■□			
10	<i>Asterella gracilis</i>	Hlíðakögri	■□			
11	<i>Atrichum undulatum</i>	Bylgjurandi	■■■□			
12	<i>Aulacomnium palustre</i>	Bleikjukollur	■■■■□□			
13	<i>Barbilophozia hatcheri</i>	Urðalarfi	■■■■□□			
14	<i>Barbilophozia kunzeana</i>	Mýralarfi	■■■■□□			
15	<i>Barbilophozia quadriloba</i>	Vætularfi	■■■■□□			
16	<i>Bartramia ithyphylla</i>	Barðastrý	■■■■□□			
17	<i>Blasia pusilla</i>	Blettamosi	■■■■□□			
18	<i>Blepharostoma trichophyllum</i>	Hýmosi	■■■■□□			
19	<i>Blindia acuta</i>	Almosi	■■■■□□			
20	<i>Brachythecium albicans</i>	Götulokkur	■■■■□□			
21	<i>Brachythecium rivulare</i>	Lækjalokkur	■■■■□□			
22	<i>Brachythecium salebrosum</i>	Brekkulokkur	■■■□			
23	<i>Brachythecium velutinum</i>	Lurkalokkur	■■■□			
24	<i>Bryoerythrophyllum recurvirostrum</i>	Ryðsokki	■■■■□□			
25	<i>Bryum algovicum</i>	Hagahnokki	■■■■□□			
26	<i>Bryum arcticum</i>	Heiðahnokki	■■■■□□			
27	<i>Bryum argenteum</i>	Silfurhnokki	■■■■□□			
28	<i>Bryum caespiticium</i>	Skógahnokki	■■■□			
29	<i>Bryum creberrimum</i>	Deigluhnokki	■■■■□□			
30	<i>Bryum imbricatum</i>	Barðahnokki	■■■■□□			
31	<i>Bryum knowltonii</i>	Pollahnokki	■■■□			
32	<i>Bryum pallens</i>	Sytruhnokki	■■■■□□			
33	<i>Bryum pallescens</i>	Gljúfrahnokki	■■■■□□			
34	<i>Bryum pseudotriquetrum</i>	Kelduhnokki	■■■■□□			
35	<i>Bryum salinum</i>	Fjöruhnokki	■■■□			
36	<i>Bryum weigelii</i>	Dýjahnokki	■■■■□□			
37	<i>Calliargon cordifolium</i>	Vætuhrókur	■■■□			
38	<i>Calliargon giganteum</i>	Tjarnahrókur	■■■■□□			
39	<i>Calliargon richardsonii</i>	Flóahrólkur	■■■■□□			
40	<i>Calliargonella cuspidata</i>	Geirmosi	■■■■□□			
41	<i>Campyliadelphus chrysophyllus</i>	Klettatjása	■■■■□□			
42	<i>Campylium protensum</i>	Giljabrandur	■■■□			
43	<i>Campylium stellatum</i>	Mýrabrandur	■■■■□□			



44	<i>Catoscopium nigratum</i>	Mýraperla	■ ■ ■ □
45	<i>Cephalozia pleniceps</i>	Heiðakrýli	■ ■ ■ □ □
46	<i>Cephaloziella hampeana</i>	Vætuvæskill	■ ■ ■ □ □ □
47	<i>Cephaloziella rubella</i>	Móavæskill	■ ■ □
48	<i>Ceratodon purpureus</i>	Hlaðmosi	■ ■ ■ □ □ □
49	<i>Chiloscyphus polyanthos</i>	Lækjalindi	■ ■ ■ □ □
50	<i>Cinclidium stygium</i>	Keldudepill	■ ■ ■ □ □
51	<i>Climacium dendroides</i>	Krónumosi	■ ■ ■ □ □ □
52	<i>Dichodontium palustre</i>	Lindaglæta	■ ■ ■ □ □
53	<i>Dichodontium pellucidum</i>	Vætluglæta	■ ■ ■ □ □ □
54	<i>Dicranella crispa</i>	Rákarindill	■ ■ ■ □ □ □
55	<i>Dicranella grevilleana</i>	Flagarindill	■ ■ □
56	<i>Dicranella schreberiana</i>	Væturindill	■ ■ □
57	<i>Dicranella subulata</i>	Heiðarindill	■ ■ ■ □ □ □
58	<i>Dicranella varia</i>	Laugarindill	■ ■ □ □
59	<i>Dicranoweisia crispula</i>	Kármosi	■ ■ ■ □ □ □
60	<i>Dicranum acutifolium</i>	Hlíðabrúskur	■ ■ □
61	<i>Dicranum bonjeanii</i>	Mýrabrúskur	■ ■ □ □
62	<i>Dicranum flexicaule</i>	Holtabrúskur	■ ■ ■ □ □ □
63	<i>Dicranum scoparium</i>	Móabrúskur	■ ■ ■ □ □ □
64	<i>Didymodon icmadophilus</i>	Broddh nubbi	■ ■ ■ □ □
65	<i>Didymodon insulanus</i>	Gljúfrah nubbi	■ ■ □ □ □
66	<i>Distichium capillaceum</i>	Þráðmækir	■ ■ ■ □ □ □
67	<i>Distichium inclinatum</i>	Lotmækir	■ ■ ■ □ □
68	<i>Ditrichum flexicaule</i>	Hagavendill	■ ■ ■ □ □
69	<i>Ditrichum gracile</i>	Giljavendill	■ ■ ■ □ □ □
70	<i>Drepanocladus aduncus</i>	Pollalufsa	■ ■ ■ □ □ □
71	<i>Drepanocladus polygamus</i>	Fitjalufsa	
72	<i>Encalypta rhaptocarpa</i>	Álfaklukka	■ ■ ■ □ □ □
73	<i>Eurhynchium pulchellum</i>	Heiðaspori	■ ■ ■ □ □
74	<i>Fissidens adianthoides</i>	Mýrfjöður	■ ■ □ □
75	<i>Fissidens bryoides</i>	Dverg fjöður	■ ■ □
76	<i>Fissidens osmundoides</i>	Vætufjöður	■ ■ ■ □ □ □
77	<i>Fontinalis antipyretica</i>	Ármosi	■ ■ ■ □ □ □
78	<i>Funaria hygrometrica</i>	Bólmosi	■ ■ ■ □ □
79	<i>Grimmia longirostris</i>	Dalaskoggi	■ ■ □ □
80	<i>Grimmia montana</i>	Hlíðaskoggi	■ ■ □ □
81	<i>Gymnomitrium apiculatum</i>	Brúnkólfur	■ ■ □
82	<i>Gymnomitrium concinnatum</i>	Grænkólfur	■ ■ ■ □ □ □
83	<i>Gymnomitrium corallioides</i>	Grákólfur	■ ■ ■ □ □ □
84	<i>Harpanthus flotovianus</i>	Lindafölvi	■ ■ □ □
85	<i>Helodium blandowii</i>	Lindakambur	■ ■ □ □
86	<i>Heterocladium dimorphum</i>	Móapvengur	■ ■ □ □
87	<i>Homalothecium sericeum</i>	Klettaprýði	■ ■ ■ □ □ □
88	<i>Hygrohypnum duriusculum</i>	Lænulúði	■ ■ □
89	<i>Hygrohypnum ochraceum</i>	Lækjalúði	■ ■ ■ □ □ □
90	<i>Hygrohypnum styriacum</i>	Heiðalúði	■ □
91	<i>Hylocomium splendens</i>	Tildurmosi	■ ■ ■ □ □ □
92	<i>Hymenostylium recurvirostrum</i>	Lokmosi	■ ■ ■ □ □
93	<i>Hypnum lindbergii</i>	Sytrufaxi	■ ■ ■ □ □ □
94	<i>Hypnum revolutum</i>	Melafaxi	■ ■ ■ □ □ □
95	<i>Isopterygiopsis pulchella</i>	Klettaljómi	■ ■ ■ □ □



96	<i>Jungermannia exsertifolia</i>	Lækjableðla	■■■■□□
97	<i>Jungermannia obovata</i>	Roðableðla	■■■■□□
98	<i>Jungermannia pumila</i>	Lænubleðla	■■■■□□
99	<i>Kiaeria blyttii</i>	Urðahnúskur	■■■□□
100	<i>Leiocolea gillmanii</i>	Sytruglysja	■■■■□□
101	<i>Leiocolea heterocolpos</i>	Kornaglysja	■■■■□□□
102	<i>Leptobryum pyriforme</i>	Nálmosi	■■■■□□
103	<i>Lescuraea incurvata</i>	Urðaleskja	■■■□□
104	<i>Lescuraea radicata</i>	Lautaleskja	■■■□□□
105	<i>Lophozia ventricosa</i>	Urðalápur	■■■■□□□
106	<i>Lophozia wenzelii</i>	Spónlápur	■■■□□
107	<i>Marchantia polymorpha</i>	Stjörnumosi	■■■■□□□
108	<i>Meesia uliginosa</i>	Vætusnoppa	■■■■□□□
109	<i>Mnium spinosum</i>	Gaddaskæna	■■■□□
110	<i>Mnium stellare</i>	Klettaskæna	■■■□□
111	<i>Mnium thomsonii</i>	Hnýflaskæna	■■■■□□□
112	<i>Myurella julacea</i>	Syllureim	■■■■□□□
113	<i>Myurella tenerrima</i>	Giljareim	■■■■□□□
114	<i>Nardia geoscyphus</i>	Heiðanaddur	■■■■□□□
115	<i>Oncophorus virens</i>	Eyrahnúði	■■■■□□□
116	<i>Oncophorus wahlenbergii</i>	Mýrahnúði	■■■■□□□
117	<i>Orthothecium chryseon</i>	Hlíðasindri	■■■□□
118	<i>Orthotrichum rupestre</i>	Strýhetta	■■■■□□□
119	<i>Paludella squarrosa</i>	Rekilmosi	■■■■□□□
120	<i>Palustriella decipiens</i>	Lindaskrápur	■■■□□
121	<i>Palustriella falcata</i>	Kelduskrápur	■■■■□□□
122	<i>Pellia neesiana</i>	Vætublaðka	■■■■□□□
123	<i>Philonotis fontana</i>	Dýjahnappur	■■■■□□□
124	<i>Philonotis seriata</i>	Lækjahnappur	■■■□□□
125	<i>Philonotis tomentella</i>	Fjallahnappur	■■■■□□□
126	<i>Plagiochila porelloides</i>	Sniðmosi	■■■■□□□
127	<i>Plagiomnium cuspidatum</i>	Brekkubleðill	■■■□□
128	<i>Plagiomnium elatum</i>	Deiglubleðill	■■■□□□
129	<i>Plagiomnium ellipticum</i>	Mýrableðill	■■■■□□□
130	<i>Plagiopus oederianus</i>	Bólsturmosi	■■■□□
131	<i>Platydictya jungermanniioides</i>	Fismosi	■■■■□□□
132	<i>Pleurocladula albescens</i>	Heiðaskjanni	■■■□□□
133	<i>Pleurozium schreberi</i>	Hrísmosi	■■■■□□□
134	<i>Pogonatum urnigerum</i>	Melhöttur	■■■■□□□
135	<i>Pohlia cruda</i>	Urðaskart	■■■■□□□
136	<i>Pohlia filum</i>	Lænuskart	■■■■□□□
137	<i>Pohlia wahlenbergii</i>	Lindaskart	■■■■□□□
138	<i>Polytrichum alpinum</i>	Fjallhaddur	■■■■□□□
139	<i>Polytrichum juniperinum</i>	Jarphaddur	■■■■□□□
140	<i>Polytrichum longisetum</i>	Móhaddur	■■■□□□
141	<i>Polytrichum piliferum</i>	Gráhaddur	■■■■□□□
142	<i>Polytrichum sexangulare</i>	Snæhaddur	■■■■□□□
143	<i>Preissia quadrata</i>	Dröfnumosi	■■■■□□□
144	<i>Pseudobryum cinclidioides</i>	Skjallmosi	■■■■□□□
145	<i>Ptilidium ciliare</i>	Móatrefja	■■■■□□□
146	<i>Racomitrium canescens</i>	Hærugambri	■■■■□□□
147	<i>Racomitrium ericoides</i>	Melagambri	■■■■□□□



148	<i>Racomitrium fasciculare</i>	Snoðgambri	■■■■□□
149	<i>Racomitrium lanuginosum</i>	Hraungambri	■■■■□□
150	<i>Rhizomnium magnifolium</i>	Lindafaldur	■■■■□□
151	<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i>	Engjaskraut	■■■■□□
152	<i>Rhytidiadelphus triquetrus</i>	Runnaskraut	■■■■□□
153	<i>Rhytidium rugosum</i>	Rjúpumosi	■■■■□□
154	<i>Sanionia uncinata</i>	Móasigð	■■■■□□
155	<i>Scapania undulata</i>	Lækjaleppur	■■■■□□
156	<i>Schistidium confertum</i>	Gullinkragi	■■■□
157	<i>Schistidium papillosum</i>	Vörtukragi	■■■■□□
158	<i>Schistidium rivulare</i>	Lækjakragi	■■■■□□
159	<i>Scorpidium revolvens</i>	Mýrakraekja	■■■■□□
160	<i>Scorpidium scorpioides</i>	Tjarnakraekja	■■■■□□
161	<i>Sphagnum teres</i>	Bleytuburi	■■■■□□
162	<i>Sphagnum warnstorffii</i>	Rauðburi	■■■■□□
163	<i>Splachnum vasculosum</i>	Kúluteðill	■■■■□□
164	<i>Straminergon stramineum</i>	Seilmosi	■■■■□□
165	<i>Syntrichia ruralis</i>	Hæruskrúfur	■■■■□□
166	<i>Timmia austriaca</i>	Hagatoppur	■■■■□□
167	<i>Tomentypnum nitens</i>	Lémosi	■■■■□□
168	<i>Tortella tortuosa</i>	Klettasnyrill	■■■■□□
169	<i>Tortula subulata</i>	Urðasnúður	■■■■□□
170	<i>Warnstorfia exannulata</i>	Lindakló	■■■■□□
Tegundir skráðar alls:			170



5. viðauki. Fléttutegundir sem skráðar voru í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands og fundist hafa á eða við færsluleið og sambærilegan hluta línuleiðar C2.

Nöfn fléttutegunda eru í samkvæmt Herði Kristinssyni (2016).

Nr.	Latneskt nafn	Íslenzkt nafn	Algengni	Válisti	Friðun
18	<i>Alectoria nigricans</i>	Surtarkræða	■■■■□□		
1	<i>Alectoria ochroleuca</i>	Skollakræða	■■□□□		
2	<i>Arthrorhaphis alpina</i>	Moldarskjóma	■■■■□□		
3	<i>Calvitimela armeniaca</i>	Randþekja	■■□□		
4	<i>Calvitimela melaleuca</i>	Fjallapekja	■□□		
5	<i>Cetraria sp.</i>				
6	<i>Cetraria islandica</i>	Fjallagrös	■■■■□□		
7	<i>Cetraria muricata</i>	Melakræða	■■■■□□		
8	<i>Cetrariella delisei</i>	Mundagrös	■■□□□		
9	<i>Cladonia arbuscula</i>	Hreindýrakraókar	■■■■□□		
10	<i>Cladonia borealis</i>	Skarlatbikar	■■■■□□		
11	<i>Cladonia chlorophaea</i>	Álfabikar	■■■■□□		
12	<i>Cladonia ecmocyna</i>	Lautabikar	■■■■□□		
13	<i>Cladonia macrophyllodes</i>	Snæbikar	■■□□□		
14	<i>Cladonia pocillum</i>	Torfubikar	■■■■□□		
15	<i>Cladonia rangiferina</i>	Grákrókar	■■■■□□		
16	<i>Cladonia stricta</i>	Fjallabikar	■■■■□□		
17	<i>Flavocetraria nivalis</i>	Maríugrös	■■□□□		
19	<i>Lecanora polytropa</i>	Vaxtarga	■■■■□□		
20	<i>Lecanora rupicola ssp. subplanata</i>	Blýtarga	■■□□□		
21	<i>Lecidea tessellata</i>	Skýrsnurða	■■■■□□		
22	<i>Lepraria neglecta</i>	Mosafrikja	■■■■□□		
23	<i>Melanelia disjuncta</i>	Hnúðdumba	■■□		
24	<i>Melanelia hepatizon</i>	Klettadumba	■■■■□□		
25	<i>Nephroma parile</i>	Hraufuhverfa	■■□□		
26	<i>Neuropogon sphacelatus</i>	Tröllaskegg	■■□□		
27	<i>Ochrolechia frigida</i>	Broddskilma	■■■■□□		
28	<i>Parmelia saxatilis</i>	Snepaskóf	■■■■□□		
29	<i>Peltigera canina</i>	Engjaskóf	■■■■□□		
30	<i>Peltigera kristinssonii</i>	Dældaskóf	■■■■□□		
31	<i>Peltigera leucophlebia</i>	Dílaskóf	■■■■□□		
32	<i>Peltigera rufescens</i>	Fjallaskóf	■■■■□□		
33	<i>Pertusaria oculata</i>	Snepaskán	■■■■□□		
34	<i>Physcia caesia</i>	Klappagráma	■■■■□□		
35	<i>Physcia dubia</i>	Fuglagráma	■■■■□□		
55	<i>Polycauloina candelaria</i>	Fuglaglæða	■■■■□□		
36	<i>Porpidia flavicunda</i>	Ryðkarta	■■■■□□		
37	<i>Porpidia melinodes</i>	Fölvakarta	■■■■□□		
38	<i>Protoparmelia badia</i>	Grjótambra	■■■■□□		
39	<i>Pseudephebe minuscula</i>	Voðarskóf	■■■■□□		
40	<i>Pseudephebe pubescens</i>	Ullarskóf	■■■■□□		
41	<i>Rhizocarpon geographicum</i>	Landfræðiflikra	■■■■□□		
42	<i>Rhizoplaca melanophthalma</i>	Vörðufлага	■■□		



56	<i>Rusavskia elegans</i>	Klettaglæða	■■■□□□
43	<i>Solorina bispora</i>	Flaggrýta	■■■□□□
44	<i>Solorina crocea</i>	Glóðargrýta	■■■□□
45	<i>Sphaerophorus fragilis</i>	Klettakrækla	■■■□□□
46	<i>Stereocaulon alpinum</i>	Grábreyskja	■■■□□□
47	<i>Stereocaulon arcticum</i>	Vikurbreyskja	■■■□□□
48	<i>Tephromela atra</i>	Barmþekja	■■■□□□
49	<i>Tremolecia atrata</i>	Dvergkarta	■■■□□□
50	<i>Umbilicaria arctica</i>	Hrossanafli	■■■□□□
51	<i>Umbilicaria cylindrica</i>	Skeggnafli	■■■□□□
52	<i>Umbilicaria hyperborea</i>	Fjallanafli	■■■□□□
53	<i>Umbilicaria proboscidea</i>	Geitanafli	■■■□□□
54	<i>Umbilicaria torrefacta</i>	Sáldnafli	■■■□□□
Tegundir og ættkvíslir skráðar alls:		56	



BLÖNDULÍNA 3 - UMHVERFISMATSSKÝRSLA

VIÐAUKI 2

Hliðrun á línukosti C2 í Eyjafirði



Viðauki III: Hliðrun á línukosti C2 í Eyjafirði

Sumarið 2020 vann Fornleifastofnun úttekt á áhrifasvæði Blöndulínu 3 í Eyjafirði, Skagafirði og Húnavatnssýslu. Gerð var skýrsla þar sem niðurstöður úttektarinnar voru kynntar og kom hún út árið 2021. Frá því að skýrslan kom út hafa komið fram breytingartillögur á legu línunnar í Eyjafirði. Á vormánuðum 2022 fór Landsnet þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hluti línukosts C2: Öxnadalur yrði tekinn út aftur með tilliti til breyttrar legu og umfjöllun um línukostinn innan þess svæðis uppfærð. Tvívegis var farið á vettvang sumarið og haustið 2022 og ný svæði skoðuð með tilliti til fornleifa. Áhrifasvæðið sem tekið var út að þessu sinni var samtals um 14 km langt og 150 m breitt, þar sem tekið var út 50 m breitt svæði fyrir ofan miðlínu og 100 m breitt svæði fyrir neðan hana. Úttektarsvæðið náði frá Garðshorni í Hörgársveit og yfir í land Hrappsstaða/Rafnsstaða ofan Akureyrar. Öll umfjöllun í viðaukanum miðast við þetta svæði.

Samtals voru skráðar 15 fornleifar á jafnmörgum minjastöðum innan þess og dreifast þær nokkuð jafnt um svæðið. Auk þess að taka út þetta nýja úttektarsvæði var farið að bænum Hólum í Hörgársveit og eldra umhverfismat sem gert hafði verið innan jarðarinnar endurskoðað.

Hér á eftir verða niðurstöður viðbótarskráningarinnar teknar saman og eru þær settar fram sem viðauki við eldri skýrslu frá 2021. Ítarlegri upplýsingar um fyrri skráningu er að finna í köflum skýrslunnar hér að framan sem var ekki breytt, að frátöldum inngangi sem tók smávægilegum breytingum við endurskoðunina 2022.

Fornleifaskrá:

EY-257 Krossastaðir

20 hdr. 1712. Bændaeign.

28.10.1645 selur Jón Þorvaldsson Benedikt Pálssyni Laugaland með tveimur heimalöndum þeirrar jarðar Krossastöðum og Grjótgarði, fyrir 60 hdr - Jarðabréf, 222.

22.6.[1703] “Jörðin Laugaland í Hörgárdal og Möðruvallakirkjusókn með sínum heimajörðum, Krossastöðum, Grjótgarði og Heiðarhúsum, talin lxc að dýrleika, er eign minna barna og þeirra móðurarfur, sem hún hafði erfð eftir sinn sáluga föður, Benedikt Pálsson. ... 2. Af Krossastöðum er landskuld 1c, en kúgildi tvö. Skileyrir ei ákveðinn, heldur með sama móti í ýmsu goldið eftir því sem til verður. ... Jón Thorðarson.” JÁM XIII, 368.

1712: “Þessi jörð er sagt að sje heimaland Laugalands, og er það til líkinda, að landinu er óskift fyrir utan tún og útslægjur, og er þessi bær haldinn fyrir lögbýlisjörð í hreppnum og meinast fornbyli, so sem sýnilegt er af fornum gördum.” JÁM X, 172. 1841: landskuld 120 álnir í peningum, SSE, 128-29. Jörðin fór í eyði 1990.

1917: 5,9 + 1,5 teigar. 4/5 slétt. Garður 200 ferstikur. 1841: tún 12 dagsláttur, gefur af 3 kýrföður, 8 ásauðarkúgildi í málnty, tún þýft að hálfu, engi þýft og þurrt, nautgæft úthey ekkert - SSE, 128-29.


EY-257:016 tóft smalakofi

A 532650 N 579167

Um 60 m sunnan (og örlítið ofar) en hæsti punktur Skálakletts stendur vandlega hlaðinn smalakofi. Hann er rétt norðan við Krossastaðaá, um 8 m austan við brún Krossastaðargils og 2,7 km SSA við Krossastaði 001. Byrgið er á klettabrún, á berggrunni með þunna gróðurhulu af grasi, störum, ljónslappa og lyngi.



Smalakofi EY-257:016, horft til norðvesturs.



Uppmæling af smalakofa EY-257:016.

Smalabyrgið er vel hlaðið úr finum grjóthellum en veggir þess eru teknir að síga nokkuð út til hliðanna. Byrgið er um 3,2 x 3,2 m á stærð og snýr NV-SA. Veggir eru 0,7-1 m á breidd, um 0,5 m á hæð og má sjá 6-7 umför þar sem það stendur hæst í norðvesturenda. Gengið var inn að suðaustan um 0,3-0,5 m breiðan inngang.

Hættumat: engin hætta


EY-257:019 tóft heystæði

A 533095 N 579474

Einföld tóft er um 2,6 km SSA við Krossastaði 001, um 450 m beint suður af seli 008 og um 530 m ANA við smalabyrgi 016. Sé horft til lögunar og staðsetningar á tóftinni er líklega um heystæði að ræða.



Tóft EY-257:019, horft til norðurs.



Uppmæling af tóft EY-257:019.

Tóftin er á lágrí hæð í nokkuð flatlendu og oft deigu mólendi, um 35 m norðaustan við lítið grasigróið lækjardrag sem hlykkjast niður í átt að láglandi til NNV.

Tóftin er um 10 x 7 m stór og snýr NA-SV. Hugsanlegt er að gengið hafi verið inn að suðvestan. Veggir eru útflattir og líklega úr torfi, 0,2-0,5 m á hæð og 2-3 m á breidd. Innanmál er um 6x3 m. Tóftin er vel gróin grasi og lyngi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Staður. Bægisá hin syðri var landnámsjörð (ÍF I, 259) en Bægisá ytri kemur fyrst við sögur á 11. öld: “Kona heitir Guðrún ok er frændkona bóndans at Bægisá ok er þar matselja fyrir búi. Hennar vilda ek [Þorsteinn verkstjóri] at þú [Guðmundr ríki] bæðir mér til handa. [Guðmundur tekur bónda á Bægisá tali og var þetta að samkomulagi] Síðan var kveðit á um brúðlaupsstefnu, ok skal vera at Bægisá ... En er menn váru at boðinu, þá hvíldu hvorir sér, konur ok karlar. Ok um morgininn, er menn risu upp ok fóru til kirkju, er at messum kom ...” Ljósvetninga saga, ÍF X, 16-19. 1199: Fálki Dálksson drepinn á Bakka í Öxnadal jarðaður á Bægisá (hafði verið heimamaður Þorgríms alikarls á Möðruvöllum). Guðmundarsaga dýra; Sturl, 168 (sbr. 156).

1307: “Sá atburðr hafði gjörz um várit fyrirfaranda at Solveig Loftsdóttir, kona Þorvalds Geirssonar er þá bjó í Lönguhlíð í Hörgárdal, fór til tíða til Bægisár á skirdagskveld ... [hún drukknaði í Hörgá, og var líkið flutt til Munkaþverár] átti hon þó leg at Bægisá. Bjó þar þá sá prestur sem Hildibrandr hét Grímsson. ... til Bægisár lagði [Þorvaldur] ekki meira en tólf alnir í legkaup.» Lárentius saga, ÍF XVII, 277-79, 282.

Elsti máldagi Bægisárkirkju er frá 1399 “er Bergþor prestur Jonsson tok með. Enn sijra asgrimur gudbiartzson liet laust.” Kirkjan átti þá m.a. “vij. kyr. xix ær og. xx. saudir veturgamler. flogur hundrud voruvird. ... Suo morg kugilldi hafa gefuist til sijdann er Bergdor prestur tok með. en syra asgrijmur liet laust. ad það eru. xj. kugilldi. hundrad j slatrum og mælehllass taudu. ... Jtem reyknadist j portionem Ecclesiae. ad auk þess sem syra Bergþor hafði adgiort stadnum. x. aurar voru.” - DI III 518-19.

1429: var “[1] prestur ok diakn.” við Bægisárkirkju - DI IV, 381.

1461 á kirkjan “allt heimaland.” og “Þetta j fridum penningum. xij. kyr. iij. asaudar kugillde. v. hundrut j gelldfie. ij. hundrut j koplum. eitt bord aa hapallen. Þar er prestzskyld. tekur heima iijj merkur. en vttan gardz half seunda mork. heytolr oc liostollr af ix. bæivm. Tiund kirkiuhluti a þui are. x. aurar. Reiknadiz j porcio um. x. ar er sira jon hiellt stadin. v. c. til reikningsskapar. en. v. aurar hia sira magnuse assgrimssyne vm eitt ar. enn. v. aurar fiell nidr j subsidium palli firir erkibiskupen. ... afret j auxnadal. fra folaldareit oc at griotgordvm. tueggia hrossa beit j tunguland a vetturen. Tok sira olafur þorgeirsson með bægisaa þa sira magnus asgrimsson slepti. x. kyr. ij. asaudar kugillde. iij. gelldfiar hundrut. oc viij. hundrut j ofridvm peningvm. jtem ein ku j mortalia medan sira jon snorrason hiellt. oc. ij. kyr medan sira magnus asgrimsson bio.

1478: Tiund a því are. ix. aurar. Reiknadist j porcionem ecclesie vpp aa xijj. aar. medan sira olafur þorgeirsson bio. vij. hundrut. afreiknad j subsidium pallij. xi. alner vadmals.

1489: Reiknaditz j porcio um .xi. ar. v. hundrud medan sira olafur bio. auk fyrra reikningtz.


1494: Reiknadizst i porcio vppa v. ar halft þridia hundrat. luckti sira olafur þorgeirsson kirkiune a bægisá iordina fagranes er liggur i backaþingum til æfinligrar eignar firir. xxc.” - DI V, 294-95.

1712 er Fagranes í Öxnadal kirkjujörð “Afrjettar eður beititeig á staðurinn norðaan til á Öxnadalsheiði niður frá Grjóthryggjum, sem kallast almennilega folaldareitur, og brúkar staðurinn þar nokkuð litla hestabeit í því nafni á sumardag. Grastekja er nokkuð lítil í sama landsplássi, sem ýmsir brúka í leyfisleysi. Skógarpart á staðurinn fyrir vestan Öxnadalsá í Staðartúngu landi (ekkki undirrjettast hjer um takmörk þessa skógarparts). Sá skógur er mjög eyddur og óbrúkanlegur til kolagjörðar, en nýtanlegur til eldiviðar.” JÁM X, 164. Ytri Bægisá II skipt úr landinu árið 1938.

1917: 7,5 teigar. 4/5 slétt.

EY-264:022 tóft heystæði

A 528389 N 574848



Uppmæling af tóft EY-264:022



Tóft EY-264:022, horft til vesturs.

Tóft er um 790 m austan við bæ 001 og 260 m ASA við mógrafir 021. Tóftin er um 65 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2022. Sé tekið mið af staðsetningu og lögun er þetta líklega heystæði.

Tóftin er á litlum grasbletti sem afmarkast af hálfgrónum hryggjum, eða ásum, til allra átta nema til ASA. Deiglent er á þessu svæði.

Tóftin er einföld, 6,5 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torfhlaðin og eru veggir mjög signir, aðeins 0,3-0,4 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Op er á tóftinni á miðri suðurhlíð hennar en það gæti þó einnig aðeins verið rof.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-265 Garðshorn

20 hdr. 1712. Hólastólsjörð.

25.12.1550 er Garðshorn meðal Hólastólsjarða með 1 kúgildi - DI XI, 867.

4.5.1551 er gefinn vitnisburður um að Einar Hafliðason hafi selt Jóni Arasyni undir Hóladómkirkju “iordina Gardshorn i Horgardal i Bæissaar kirkiusokn. fyrir xc. iord sem Einare likade. Enn fyrir halfa þessa iord Gardzhorn lofade biskup Jon lata kenna syne hans Stulla Einarssyne til prestz. Enn medan iord þesse være ecki greidd. lofade biskupenn Einare. x. aurum a hvoriu are. hafa þetta verid vel. xx. ar sidan þessi giorningur fram for. og hefer Einar optlega hier um talad þessa iord hia biskup Jone ætte hann og ekki fenget.” - DI XII, 260.

10.3.1553 staðfestir Kristján III veitingu Garðshorns með 1 hdr landskuld og 5 leigukúgildum til upphalds skólameistara á Hólum - DI XII, 527.

1569: “Med Gardzhorni landsk. .i. .c. med tijundum kug. .v.” meðal skólajarða í Hólastólsreikningi - DI XV, 227.

9.12.1569 gerði Björn Gíslason Sigurði Jónssyni reikningskap “at med skolameistara rentu iordum og einne lokatz iordu sem Gardzhorn heiter væri eigi meir en xl oc v kugilldi” DI XV, 335.

1570 eru 5 kúgildi með Garðshorni, Hólastólsjörð, DI XV, 459. 20 hdr. 1712. Hólastólsjörð.

25.12.1550 er Garðshorn meðal Hólastólsjarða með 1 kúgildi - DI XI, 867.

4.5.1551 er gefinn vitnisburður um að Einar Hafliðason hafi selt Jóni Arasyni undir Hóladómkirkju “iordina Gardshorn i Horgardal i Bæissaar kirkiusokn. fyrir xc. iord sem Einare likade. Enn fyrir halfa þessa iord Gardzhorn lofade biskup Jon lata kenna syne hans Stulla Einarssyne til prestz. Enn medan iord þesse være ecki greidd. lofade biskupenn Einare. x. aurum a hvoriu are. hafa þetta verid vel. xx. ar sidan þessi giorningur fram for. og hefer Einar optlega hier um talad þessa iord hia biskup Jone ætte hann og ekki fenget.” - DI XII, 260.

10.3.1553 staðfestir Kristján III veitingu Garðshorns með 1 hdr landskuld og 5 leigukúgildum til upphalds skólameistara á Hólum - DI XII, 527.

1569: “Med Gardzhorni landsk. .i. .c. med tijundum kug. .v.” meðal skólajarða í Hólastólsreikningi - DI XV, 227.

9.12.1569 gerði Björn Gíslason Sigurði Jónssyni reikningskap “at med skolameistara rentu iordum og einne lokatz iordu sem Gardzhorn heiter væri eigi meir en xl oc v kugilldi” DI XV, 335.

1570 eru 5 kúgildi með Garðshorni, Hólastólsjörð, DI XV, 459.

2.8.1672 lofar Gísli Þorláksson Hólabiskup sr. Bøðvari Gíslasyni byggingarráðum yfir stólsins jörðu Garðshorni, þá hún verður að lögum aus með venjulegum skilmálum - Prestastefnudómar og Bréfabók Gísla Þorlákssonar, 326. 17.7.1676 hefur Gísli Þorláksson gefið sr. Jóni Gunnlaugssyni byggingarráð yfir stólsins koti Garðshorni, landskuld 1 hdr, kúgildi 4 með skilmálum - Prestastefnudómar og bréfabók Gísla Þorlákssonar, 481.

Tvö Garðshorn í hreppnum. Ekki ljóst hvaða túnakort á við hvorn bæ.

1712: “Enginu spillir bæjarlækurinn sumstaðar með grjóts og sands áburði, þar með er það mjög votsókt, so að heyskapurinn verður þar fyrir stundum svipull, líka jetur vatnið allvíða úr rótina. Úthagarnir eru nokkurneginn sæmilega grösugir, en mjög litlir um sig.” JÁM X, 165.

1990: Gömlu heimatúnin eru ræktuð á grýttu mólendi, en síðan hafa mýrarnar neðan bæjarins verið ræktaðar til túns og meirihluti túnanna í Garðshorni framræst mýrlendi.


EY-265:013 tóft stekkur

A 529125 N 575337

Tóft er um 730 m ASA við bæ 001 og 700 m NNA við vörðu 014. Tóftin er um 120 m vestan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2022. Tóftin er rétt utan við úttektarsvæðið en helgunarsvæði hennar (15 m) nær innan þess og því var hún tekin með í þessa fornleifaskrá.

Tóftin er rétt sunnan við lækjargil og austan hennar er vírgirðing. Svæðið er mjög gróið og smápýft.

Tóftin er 13 x 7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og sjást allt að 3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru 0,6 m á hæð, hæstar til norðurs og austurs en veggir eru nokkru lægri til suðurs, 0,3 m háir. Hólf A er NNA í tóftinni. Það er 3,5 x 3 m að innanmáli, snýr eins og tóftin og er með op í suðvesturhorni. Hólf B er SSV. Það er 2 x 1,5 m að innanmáli, snýr eins og tóftin og ekki er hlaðinn veggur á vesturhlíð hólfins. Þetta er líklega stekkur miðað við lögun og fjarlægð frá bæ 001.



Uppmæling af tóft EY-265:013.



Stekkur EY-265:013, horft til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-265:014 varða landamerki

A 528586 N 574866

Varða er nokkru norðvestan við Stórastein, um 760 m SSA við bæ 001 og 275 m SSV við rétt 012. Varðan er á merkjum jarðanna Garðshorns og Ytri-Bægisáar (EY-264) og er því líklega gömul landamerkjavarða. Varðan er um 20 m sunnan við miðlínu úttektarsvæðis Blöndulínu 2022. Varðan er á hálfgróinni klöpp, rétt norðan við vírgirðingu. Varðan er 0,5 x 0,5 m að stærð og er hlaðin úr 6-7 flötum grágrýtissteinum. Hún er 0,4 m á hæð og hallar smávægilega til austurs. Nokkuð grjót er umhverfis vörðuna sem án efa hefur hrunið úr henni.



Varða EY-265:014, horft til suðurs.

EY-277 Syðri-Brennuhóll

20 hdr. 1712, 1802 (öll jörðin). Skipt í Ytri- og Syðri – Brennihóll, 10 hdr. hvor, 1847. Bændaeign. Sjá Ytri-Brennihól.

1712: Túnið er fordjarfað af lángrarandi órækt. Úthagarnir eru nægir." JÁM X, 188.

1917: 1,8 teigar. 1/2 slétt. Garður 225 ferstikur. 1990: Tún neðan bæjarins eru framræst mýrlendi.


EY-277:013 tóft óþekkt

A 535667 N 579841

Einföld tóft er á efsta hjalla fast austur undir Rauðufögum í Moldhaugahálsi um 1,7 km VSV og ofan við Syðri-Brennihól 001.



Tóft EY-277:013, horft til VSV.



Uppmæling af tóft EY-277:013.

Tóftin er á 50 m breiðum grasigrónum bala um 40 m ofan og vestan við raflínu.

Tóftin er um 13x11 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál hennar er um 3,5x3,5 m og op í norðausturenda. Veggir eru útlattir og vel grasigrónir, 0,2-0,5 m á hæð og 3,5-4 m á breidd. Þeir eru líklega úr torfi og grjóti þó lítið sjáist til grjóts. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega gæti verið um heystæði eða rétt að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-279 Steinkot

Hjáleiga frá Samtúni. Skv. Johnsen voru jarðir 278-282 í einu lagi 1760 og undir einu nafni, Samtúni taldar 40 hdr, og er Steinkot metið 5 hdr. af því 1847. Hét Ysta-Samtún fyrst eftir að jörðinni var skipt BE 1990, 606.

1917: 1,6 teigar. 3/4 slétt. Garður 182 ferstikur.

1990: Túnin eru að mestu framræst mýrlendi.

EY-279:004 tóft stekkur

A 535951 N 579444


Tvískiptur stekkur er um 1,7 km VSV við bæ 001, um 420 m norðaustan undir Sjónarhóli og 25 m ofan og vestan við raflínu. Tóftin er um 40 m austan við miðlínu Blöndulínu 3.

Tóftin stendur fast austan undir 2-3 m háu, grasigrónu og þýfðu holti um 150 m neðan og austan við efsta hjalla í fjallshíðinni.

Tóftin er vel greinileg, um 8,5 m á lengd, 5,5 m á breidd og liggur NA-SV. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir hennar 0,5-1 m á hæð og 1,5-2 m á breidd.



Tóft EY-279:004, horft til suðvesturs.



Uppmæling af stekki EY-279:004.

Veggirnir eru vel grasigrónir og því sést lítið í hleðslur. Réttin er neðar og norðar, um 3,5x2,5 m að innanmáli og liggur NA-SV. Króin er í suðurenda, 3x1 m að innanmáli og liggur NV-SA. Hún er opin til suðausturs en óljóst er hvar gengið hefur verið inn í tóftina. Líklega hefur það verið í norðurenda eða norðausturhorni hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-282 Syðsta-Samtún

Hluti af Samtúni. Skv. Johnsen voru jarðir 278-282 í einu lagi 1760 og undir einu nafni, Samtúni taldar 40 hdr, og er Syðsta-Samtún metið 5 hdr. af því 1847.

21.3.1785 kaupir Dómhildur Eiríksdóttir Syðsta-Samtún 10 hdr, af Símon Bech fyrir Kristnes í Eyjafirði - AÍ XVI, 256. 11.1.1797 afsalar Dómhildur Eiríksdóttir Syðsta Samtúni til ekkjunnar Guðrúnar Gísladóttur fyrir 66 rd. cour. AÍ XVII, 464. Land sem áður tilheyrði Syðsta-Samtúni austan Norðurlandsvegar er nú eign Glæsibæjarhrepps.

1917: 2,6 teigar. 1/2 slétt. Garður 145 ferstikur. 1990: Túnin að mestu á framræstu mýrlendi.

EY-282:006 Félagshóll heimild um smalakofa

A 536085 N 578955

“Ofan við Klapparhall er mýrarfláki, nafnlaus, en því næst Samtúnshólar, í daglegu tali aðeins Hólarnir. Ná þeir allt til fjallsbrúna. Yzti og neðsti hólinn heitir Félagshóll. Þar söfnuðust saman smalar frá mörgum bæjum og höfðu í félagi smalabyrgi, því þaðan sást vel yfir stórt svæði.” Hólarnir upp af Samtúnum eru mjög greinilegir og á nyrsta og neðsta hólum eru ógreinilegar þústir. Hóllinn er um 1 km vestur af bæ 001. Engar fornleifar fundust

á svæðinu við skráningu Blöndulínu 3 árið 2022.
Gróinn hóll, nokkuð grjót uppi á honum miðjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Samtún, 170

EY-287 Ásláksstaðir

30 hdr 1712. Hólastólsjörð.

24.5.1486 er dæmt að Eiríkur Loftsson hafi átt Á. og að Sveinn Sumarliðason sé réttur erfingi hans. - DI VI, 569-72. 1520 eru Ásláksstaðir taldir meðal þeirra jarða sem Gottskálf þp hafði komið undir Hólastól: 'Aslacksstader .xlc. vj kugilldi. Landskylld. c. þa wti eru iij ár.' DI VIII, 728.

1525 eru Ásláksstaðir meðal Hólastólsjarða – DI IX, 301.

1569: 'Med Aslakstodum landsk .c. oc .xl. alner med tiundum kug. .v.' Reikningur Hólastaðar, DI XV, 227.

1570: 'Med Aslakstodum .v. kug.' Kúgildi Hólastóls, DI XV, 458.

Munnmæli 1712 að jörðin hafi átt skipastöðu í landi Syðra-Krossaness á móti afgirtum engjaparti í eigin landi. JÁM X, 192. "Landið nær frá fjallshlíðinni niður að Lóninu og liggur Bitrugerði norðan að því en land eyðibýlsins Hrappsstaða að sunnan. Þarna eru hreppamörkin milli Glæsibæjarhrepps og Akureyrarbæjar." BE 1990 II, 622.

1712: Túninu spillir nokkuð í einum stað bæjarlækurinn með leirs og sands áburði. úthagarnir eru mjög litlir en þó grösugir. Hætt er kvikfje fyrir fornum torfgörðum og holugryfjulækjum." JÁM X, 192. 1917: 7,6 teigar. 3/4 slétt.

EY-287:009 tóft beitarhús


A 536994 N 577028

Stór tóft er sunnan Bæjarlækjargils um 720 m VSV og ofan við Ásláksstaði 001. Tóftin er innan skógræktarsvæðis og óljós af þeim sökum. Tóftin er 30 m suðvestan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3. Tóftin er í stórum lundi barrtrjáa og hafa tré verið gróðursett á mörgum stöðum beint ofan í hana og bjagað lögun hennar.

Tóftin er um 15 m á lengd, um 13 m á breidd og liggur NNV-SSA. Tóftin er um 1-1,5 m á hæð, vel grasigróin og þýfð. Hún gæti hafa verið þrí- til fjórskipt en aðeins er hægt að greina tvö hugsanleg hól nú. Annað þeirra er í norðvesturhorni og hitt í suðausturhorni. Hólfíð til norðvesturs er opið til norðurs, er um 4x2 m að innanmáli og liggur N-S. Hugsanlega hefur verið timburpil sem lokaði hólfinu. Innanmál hólfins til suðausturs er um 2x1,5 m og er það opið í suðausturhorni til austurs. Gengið hefur verið inn um 0,5 m breiðan inngang sem er fallinn saman. Þar sem veggir eru greinanlegir eru þeir 1,5-2 m á breidd. Útlínur eru annars óljósar og engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Sé horft til lögunar og staðsetningar eru þetta beitarhús.



EY-287:009, horft til suðausturs.



Uppmæling af tóft EY-287:009.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-287:010 tóft óþekkt

A 536470 N 577262


Aflöng, óljós tót er í landi Ásláksstaða, um 1200 m vestan við bæ og um 250 m norðan við bæjarlækinn. Tóftin er á lágum hól rúmum 20 m vestan við áætlaða legu miðlínu Blöndulínu sem tekin var út í október 2022.

Tóftin er á lágrí hæð með lágbörðum klettum allra nyrst. Umhverfis er gróðurhulan fremur þunn en þó vex víða svolítið lyng og mosi.

Tóftin er 10, 5 x 5,7 m að stærð og virðist hafa verið einföld. Hún snýr austur-vestur og er austurhluti hennar nær alveg óskýr og má í raun segja að hún fjari út til austurs. Innri brún veggja er skýrust, sérstaklega vestast.



Tóft EY-287:010, horft til austurs.



Uppmæling af tóft EY-287:010.

Innanmál tóftar er mest um 2 m á breidd en 7 m á lengd og hugsanlegt er að tóftin hafi í raun ekki verið lengri en það. Mögulegt er að op hafi verið allra vestast á norðurlangvegg en það er þá of óskýrt til að um það sé hægt að fullyrða. Veggir eru um 1 m á breidd en 0,3 m á hæð, algrónir. Ekki er augljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt, hugsanlegt að hún hafi verið heystæði en það er þá í stærra lagi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-288 Hrappsstaðir

20 hdr. 1712. Bændaeign. Einnig Rafnsstaðir og Hrafnstaðir.

1.7.1538 selur Þorsteinn Torfason Ara Jónssyni lögmanni Rafnsstaði fyrir 30 hdr - DI X, 367.

230.4.1549 selur Ari Jónsson Teiti Magnússyni Rafnsstaði - DI XI, 704.

7.5.1622 selur Guðrún Skúladóttir Þorláki bpi bróður sínum hálfa Hrafnstaði fyrir 10 hdr. - Jarðabréf, 221.

24.5.1633 greiðir Þorlákur Skúlason bp Guðrúnu systur sinni m.a. hálfa Hrafnstaði, 10 hdr, vegna skuldar, með samþykki konu sinnar Kristínar Gísladóttur - Jarðabréf, 221.

Búskap lauk 1955. Getið 1417 en þá afhenti Ingibjörg Loptsdóttir Ingunni Árnadóttur erfingja sínum H. ásamt mörgum öðrum jörðum. "Hrappsstaðaá deilir löndum að sunnan milli jarða niður að brekkurótum, en þar sveigir áin til norðurs. Eftir það eru landamerki Hrappsstaða í stefnu til austus frá gilskjaft að Lóninu. Sunnan við ána nefnist Hrappsstaðagrund og Hrappsstaðanes neðar og endar það í mjóum tanga þar sem árin sameinast Lóninu rétt norðan við þar sem áður stóð bærinn Mýrarlón." BE

1917: 4.4 teigar. 1/3 slétt. Garðar 207 ferstiklur. 1712: "Enginu hefur að fornu spillt jarðfallsskriða úr fjallinu, sem nú er mikinn part grasi vaxinn til hagbeitar. Úthagarnir eru grösugir og litlir ut supra. Hætt er kvikfé fyrir holugryfulækjum og afætudýjum." JÁM X, 193.


EY-288:011 tóft óþekkt

A 537510 N 576837

Óljós tóft er um 470 m suðvestan við Hrappstaði 001, í norðurhlíð Kífsárgils í um 2-3 m hæð ofan lækjarins/gilbotnsins. Tóftin er í litlum hvammi við ána. Tóftin er 30 m sunnan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3.



Tóft EY-288:011, horft til norðausturs.



Uppmæling af tóft EY-288:011.

Tóftin sést er á sléttum, grasi og lyngigrónum palli sem er um 7,5 m breiður og liggur um 20 m NA-SV meðfram bröttum bakkanum.

Tóftin er um 8 m x 6 m á stærð og snýr NA-SV. Innanmálið er um 3.5x2,5 m og 0,2-0,4 m djúpt en ekki er hægt að greina eiginlegan inngang. Hugsanlegt er að hér hafi verið aðhald, t.d. til að bæla fé yfir nótt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-288:012 tóft beitarhús

A 537425 N 576874


Tvískipt tóft er um 90 m VNV við þúst 011 og um 470 m suðvestan við Hrappstaði 001. Þetta eru líklega beitarhús, vestan við Kífsá. Miðlína fyrirhugaðrar Blöndulínu 3 liggur þvert yfir nyrsta enda beitarhúsanna.

Tóftin stendur í grófu grasi- og lyngigrónu þýfi fast undir lítt grónum 3 m háum melhól. Varða 013 er á toppi hólsins.

Tóftin er um 18x15 m að stærð og snýr VSV-ANA. Vestara hólfíð er um 8.5x6 m að innanmáli og gengið var inn að norðan. Hólfíð er um 0,5-2 m djúpt og er það dýpst í suðvesturhorni, undir hólnum. Útlínur veggja eru óljósar vegna þúfna og engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Austar er hugsanlega annað hólf sem liggur NNA-SSV. Það er um 7x2,5 m að innanmáli, <0,5 m djúpt og gengið inn að NNA. Líklega var þetta einhverskonar aðhald.



Tóft EY-288:012, horft til NNA.



Uppmæling af tóft EY-288:012.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-288:013 varða óþekkt

A 537421 N 576857

Lítill grjóthlaðin varða er efst á ávöllum, lítt grónum malarhól um 15 m SSV við tóft 012 og um 490 m suðvestan við Hrappstaði 001. Sé horft til ástands vörðunnar er hún líklega ekki forn en nýtur vafans og talin til fornleifa. Varðan er 30 m sunnan við miðlínu áhrifasvæðis Blöndulínu 3. Varðan er lítið annað en grjóthrúga, um 1x1 m að grunnflatarmáli og um 0,5 m há. Tilgangur er óljós og ekki um vandaða hleðslu að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Varða EY-288:013, horft til suðurs.

EY-288:014 garðlag óþekkt

A 537150 N 576920

Óljós hryggur sem gæti verið gamalt garðlag er í landi Hrappsstaða um 730 m vestan við Lögmannshlíðarveg. Garðurinn snýr norðaustur-suðvestur. Hann var aðeins rakinn á því svæði sem tekið var út vegna Blöndulínu en mögulegt er að framhald hans sé að finna sunnar í landi Hrappsstaða en þá með stefnuna norður-suður.

Garðurinn liggur í deiglendi sem hallar til austurs. Talsvert kjarrent er á köflum.

Hryggurinn er óljós og á köflum virðist óvíst hvort hann sé manngerður eða framsig í brekkunni. Þó virðist hann og beinn og reglulegur til að um sannfærandi náttúrusmíði sé að ræða og því var hann tekinn á fornleifaskrá þar sem líklegast þótti að um gamlan og að hluta úr sér gengin torfgarð væri að ræða. Suðurhluti þess garðlag sem



Garðlag EY-288:014, horft til SSV.

skoðað var á vettvang er með nokkuð skýra austurbrún sem skagar út úr brekkunni (allt að 0,7 m há). Á þessum kafla er garðlagið allt að 2 m á breidd og ágætlega greinilegt en vesturbrúin fellur saman við brekkuna að ofar, Norðar liggur garðurinn aðeins frá brekkubrúinni og þar má greina hann sem 1.3 m breiðan og 0,4 m háan torfgarð sem er þó svo kræklóttur að erfitt er að fylgja honum og hann verður fljótlega alveg óskýr. Garðurinn er algróinn. Hann var rakinn á um 100 m löngum kafla áður en hann varð óljós í báðar áttir en af því voru um 70 m innan áhrifasvæði Blöndulínu. Á um 16 m löngum og 6 m breiðum kafla mætti af loftmynd ætla að gerði kynni að hafa verið byggt við garðlagið að austanverðu en ekki eru skýr ummerki um það á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-289 Kífsá

10 hdr. 1712. Hrafnagilskirkjuförð en komst undir Lögmannshlíðarkirkju á 17. öld.

Fyrst getið 1318 og þá orðin Hrafnagilskirkjueign, og var leiga þá 1 hdr. - DI II, 453 sbr. 1394 - DI III, 560.

1429 - DI IV, 378;

22.6.1508, leiga 1 hdr - DI VIII, 215,

1525 - DI IX, 332.

26.8.1630 fellur dómur um Keppsá sem bóndinn Jón Sigurðsson í Lögmannshlíð hélt vera kirkjunnar eign þar, en Bjarni bóndi Sigurðsson hafði keypt. Jón er dæmt að halda Keppsá undir Hlíðarkirkju - Jarðabréf, 221.

26.9.1660 er Keppsá, 10 hdr, talin kirkjuförð Lögmannshlíðarkirkju - Jarðabréf, 222-223.

1703: Keppsá, Lögmannshlíðarkirkjuförð, 12 hundruðum að dýrleika. Landskuld 4ur ærgildi. Þar upp í gelst tveggja daga sláttur, 20 álna föður, hitt í ullarvöru. Kúgildi 3 og tvær ær betur. Eiga eftir þaug að gjaldast leigur í smjöri. » JÁM XIII, 374-75. Einnig Keppsá. Enginn búskapur eftir 1961.

1917: 2.3 teigar. 1/3 slétt. Engir garðar.

1712: "Enginu spillir nokkur Merkislækur með grjóts og sands áburtði. Úthagarnir eru bjarglega víðlendir og grösugir með Keppsártungu, sem liggur fyrir vestan ána. Hætt er kvikfje fyrir holgryfulækjum, sem oft verður mein að." JÁM X, 196.

EY-289:011 hleðsla óþekkt

A 536470 N 57726



Hleðsla EY-289:011, horft til suðurs.

Grjóthlaðið mannvirki, mögulega varða, er um 200 m norðan við gamla steinsteypa íbúðarhúsið á Klífsá. Hleðslan er 325 m vestan við Lögmannshlíðarveg en 37 m sunnan við miðlínu þess úttektaarbeltis sem tekið var út í október 2022. Hleðslan er á eins konar tungu sem myndast milli tveggja lækja sem renna niður hlíðina á þessum slóðum.

Svæðinu hallar til austurs en hleðslan er á lágum hól. Allt í kringu er ung skógrækt.

Hóllinn er lágur og lítið áberandi. Efst á honum eru leifar grjóthleðnu mannvirki. Grjóthleðslan er nú alveg hrunin en er á svæði sem er um 2,6 x 1,3 m stórt og snýr norður-suður. Það virðist helst til of stórt til að hægt sé að segja að þar hafi greinilega verið varða en það er þó vel hugsanlegt og kannski líklegast að svo hafi verið. Að öðrum kosti kynni að hafa staðið lítill kofi á þessum stað (byrgi/smalakofi) eða ummerkin eru leifar um dys. Inn á milli steina í hleðslunni má sjá glitta í glerflösku á einum stað.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Niðurstöður

Breytingartillaga á línukosti C2 felur í sér að línan færist ofar í hlíðina frá Akureyri, að mynni Öxnadals og norður yfir Moldhaugnaháls, á alls 14 km löngu svæði. Mest nemur færslan um 1 km. Fornleifaskráningin var unnin í tengslum við tilfærsluna og fór fram um miðjan ágúst að mestu. Eftir að skráningunni lauk urðu aftur breytingar á tæplega 2 km löngum kafla og var hann tekin út með tilliti til fornleifa í októberbyrjun. Að þessu sinni var úttektarsvæðið annars vegar um 800 m langt belti þar sem áhrifasvæði nýrrar línu náði suður fyrir áður skráð svæði og hins vegar 2 km langur kafli þar sem tekið var út 150 m breitt belti (nokkru ofar í hlíðinni en fyrri úttektir). Sem fyrr var tekið út 50 m breitt svæði fyrir ofan miðlínu og 100 m breitt svæði fyrir neðan hana. Samtals voru skráðar 15 fornleifar innan úttektarsvæða 2022 og miðast umfjöllunin hér neðar við umrædd svæði. Alls eru 18 fornleifar innan línukostsins, þrjár þeirra voru þekktar úr eldri skráningu. Að auki var gengið um áætlaða línulögn í landi Hóla. Síðsumars 2022 var farið aftur á jörðina og þekktar minjar innan línukostarins mældar upp og skráningin endurskoðuð. Alls voru fjórar fornleifar þekktar þar fyrir og engar nýjar minjar fundust við skráninguna.



Yfirlit: Breytingar á línukosti C2 2022

0 1 2 3 4 km

Skráðir minjastaðir
● Engin hættta
● Hættta
● Stórhættta
Úttektarsvæði 2022
Úttektarsvæði 2020
Úttektarsvæði 2008


Loftmyndir ehf

Nýr línukostur greinist frá því svæði sem áður hafði verið tekið út við veginn um Lögmanshlíð í landi Klifsár. Þaðan liggur úttektarsvæðið upp hlíðina til VNV. Á þessum kafla er hinn nýji valkostur að mestu innan áður úttektins svæðis. Svæðið liggur síðan þvert á hlíðina, nokkuð ofan við eldri svæði við Moldhaugaháls og sameinast þeim aftur við Bægisá.

Færri fornleifar eru innan úttektarsvæðis eftir breytingar, þeim fækkar um alls 32. Innan þess úttektarsvæðis sem var tekið út árið 2020 voru 50 fornleifar á 32 minjastöðum. Innan þess úttektarsvæðis sem var tekið út árið 2022 eru fornleifarnar 18 talsins á jafn mörgum minjastöðum. Ljóst er að áhrif framkvæmdanna á menningarminjar og landslag eru því minni eftir tilfærslu. Það helgast ekki síst af því að línukosturinn var færður ofar í hliðina, fjær heimatúnnum þeirra jarða sem þar eru í byggð. Þéttni fornleifa er mest í og við heimatún og því fækkaði fornleifum á áhrifasvæði þegar það var fært fjær heimatúnnum. Árið 2020 voru fjórar fornleifar taldar í stórhættu vegna framkvæmdanna en alls 46 voru í hættu. Eftir tilfærslu eru aðeins fimm fornleifar í stórhættu, 11 í hættu en tvær teljast ekki í neinni hættu vegna framkvæmdanna.

Árið 2020 voru skráðar fimm fornleifar með *mjög mikið minjagildi* sem allar voru í hættu. Þar sem fjarlægð þessara minja frá miðlínu framkvæmda er meiri en 50 m má ætla að í flestum tilfellum sé hægt að forða þeim frá raski með því að girða staðina af og merkja þá (sem mótvægisáðgerð). Eftir tilfærslu er engin fornleif innan úttektarsvæðis með mjög mikið minjagildi.

Árið 2020 voru 14 fornleifar með *mikið minjagildi*, en í flestum tilvikum var um beitarhús og stekki að ræða. Allir staðirnir eru í hættu og ætla má að hægt sé að forða þeim öllum frá raski t.d. með merkingu. Eftir tilfærslu voru fimm fornleifar með mikið minjagildi innan úttektarsvæðis, af þeim er ein í stórhættu og líklegt að einhverra mótvægisáðferða verði krafist innan úttektarsvæðis.



Á stöplaritinu kemur skýrt fram að áhrif framkvæmdanna á fornleifar og menningarlandslag eftir breytingar eru mun minni en áður.

Töluverður fjöldi fornleifa með *nokkurt minjagildi* var skráður innan áhrifasvæðisins fyrir breytingar, eða samtals 29. Í flestum tilvikum láta fornleifarnar lítið yfir sér á þessum stöðum og sjaldnast voru merki um uppsöfnun mannvistarlag

undir sverði. Af þessum minjum eru þrjár í stórhættu en ólíklegt að mikilla mótvægisáðgerða verði krafist. Eftir tilfærslu eru 11 fornleifar með nokkurt minjagildi innan úttektarsvæðis, af þeim eru fjórar í stórhættu. Bæði árin voru tvær fornleifar skráðar með *lítið minjagildi*. Önnur þeirra sem er nú innan svæðis er horfin en ólíklegt að mótvægisáðgerða verði krafist í þessum tilvikum.

Fyrirséð er að bein áhrif framkvæmdanna á fornleifar með *mjög mikið minjagildi* á því svæði sem hér er til umfjöllunar eru enginn. Slíkar fornleifar eru ekki innan úttektarsvæðisins. Einungis fimm fornleifar með *mjög mikið minjagildi* eru í hættu og líklega hægt að forða raski á þeim öllum. Helsti munurinn á mati á áhrifum framkvæmda á menningarminjar eftir breytingar felst í því, að að heilt á lítið, að mun færri minjar eru innan áhrifasvæðis. Eins liggur línan fjær þeim hluta jarða þar sem flestar menningarminjar er að finna.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða um hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar verði skemmdar/eyðilagðar í fyrirhuguðum framkvæmdum. Um margar fornleifanna gildir að líklega sé hægt að komast hjá raski á þeim með því að merkja þær vel á framkvæmdartíma.


Fornleifar innan úttektarsvæðis eftir breytingar árið 2022.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisáðgerðir	Skýring
EY-257:016		tóft	smalakofi	hleðslur standa	engin hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-257:019		tóft	heystæði	hleðslur signar	stórhætta	Nokkurt	15m	Könnunarskurður	Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja
EY-264:017		varða	óþekkt	sést til	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-264:018		tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Könnunarskurður	Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja
EY-264:019		mannvirki	óþekkt	sést til	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-264:022		tóft	heystæði	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-265:013		tóft	stekkur	hleðslur signar	engin hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-265:014		varða	landamerki	hleðslur signar	stórhætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-277:013		tóft	óþekkt	hleðslur útflattar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-279:004		tóft	stekkur	hleðslur standa grónar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-282:006	Félagshóll	heimild	smalaskáli	ekki sést til fornleifa	hætta	Lítið	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-287:009		tóft	beitarhús	hleðslur standa grónar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-287:010		tóft	óþekkt	hleðslur singar	stórhætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-288:011		þúst	óþekkt	hleðslur útflattar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-288:012		tóft	beitarhús	hleðslur signar	stórhætta	Mikið	15m	Könnunarskurður	Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja
EY-288:013		varða	óþekkt	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-288:014		garðlag	óþekkt	sést til	stórhætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-289:011		hleðsla	óþekkt	sést til	hætta	Lítið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir



Fornleifar innan úttektarsvæðis (2020) fyrir breytingar.


Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisáðgerðir	Skýring
EY-265:006		hleðsla	heimarafveita	hleðslur standa grónar	hætta	Lítið	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-288:0061		mannvirki	herminjar	ekki sést til fornleifar	stórhætta	Lítið	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-257:0101	Krossa- staðabeitarhús	tóft	beitarhús	hleðslur standa grónar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-257:0102		tóft	beitarhús	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-261:0031	Vindheima- stekkur	tóft	stekkur	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Engar	Utan áhrifasvæðis
EY-261:0032		tóft	beitarhús	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Engar	Utan áhrifasvæðis
EY-261:0033		tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Engar	Utan áhrifasvæðis
EY-261:0034		tóft	stekkur	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Engar	Utan áhrifasvæðis
EY-261:0035		tóft	rétt	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Engar	Utan áhrifasvæðis
EY-261:008		tóft	stekkur	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-262:0082		tóft	stekkur	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-265:007		tóft	rétt	hleðslur standa	hætta	Mikið	15m	Könnunarskurður	Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja
EY-269:0161	Gamlistekkur	tóft	stekkur	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-269:0162		tóft	beitarhús	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-277:005	Hólsstekkur	tóft	stekkur	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-287:008		hleðsla	rétt	hleðslur signar	hætta	Mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-258:0071	Steðjasel	tóftir	sel	hleðslur signar	hætta	Mjög mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-262:0081		tóft	sel	hleðslur signar	hætta	Mjög mikið	15m	Merking	Innan túns, líklegt að fleiri minjar leynist undir sverði. Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja
EY-270:006	Skút[n]asel/ Beitarhúsaóll	tóft	sel	hleðslur signar	hætta	Mjög mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-284:011		tóft	sel	hleðslur standa grónar	hætta	Mjög mikið	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-288:001	Rafnstaðir	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	Mjög mikið	15m	Merking	Innan heimatúns og fleiri minja að vænta. Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja
Ey-254:014	Bræðravarða	varða	landamerki	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir

EY-254:019		gata	leið	sést til	hætta	Nokkurt	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
Ey-254:0201		varða	óþekkt	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
Ey-254:0202		varða	óþekkt	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-257:0103		þúst	heystæði	sést til	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-257:0151		varða	landamerki	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-257:0152		varða	landamerki	hleðslur standa grónar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
Ey-257:018		varða		hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-258:0072		þúst	heystæði	sést til	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-258:0073		tóft	kvíar	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-262:009		gata	leið	sést til	hætta	Nokkurt	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-264:017		varða		sést til	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-264:018		tóft		hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Könnunarskurður	Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja
EY-264:019		mannvirki		sést til	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-264:021		gryfja			hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-265:012		tóft	rétt	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-268:011		hleðsla		hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-269:0163		tóft	heystæði	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-272:008		varða	landamerki	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-277:0101		varða	óþekkt	hleðslur signar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-277:0102		hleðsla		hleðslur út-flattar	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-277:011		gata	leið	sést til	hætta	Nokkurt	15m	Merking	Til að koma í veg fyrir skemmdir
EY-288:0062		mannvirki		sést til	hætta	Nokkurt	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-288:0065		gryfja		sést til	hætta	Nokkurt	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-291:020		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifa	hætta	Nokkurt	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-661:003		gata	leið	sést til	hætta	Nokkurt	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-270:027		náma	mógrafir	sést til	stórhætta	Nokkurt	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-288:0063		mannvirki		sést til	stórhætta	Nokkurt	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð
EY-288:0064		mannvirki		sést til	stórhætta	Nokkurt	15m	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð



Yfirlit: Breytingar á línukosti C2
2022





Kort 1: Breytingar á línukosti C2
2022.

Loftmyndir ehf



Skráðir minjastaðir	Úttektarsvæði 2022
● Engin hætta	Úttektarsvæði 2020
● Hætta	Úttektarsvæði 2008
● Stórhætta	




Kort 2: Breytingar á línukosti C2
2022.

Loftmyndir ehf



Skráðir minjastaðir	Úttektarsvæði 2022
● Engin hætta	Úttektarsvæði 2020
● Hætta	Úttektarsvæði 2008
● Stórhætta	




Kort 3: Breytingar á línukosti C2
2022.

Loftmyndir ehf

0 100 200 300 400 500 m



Skráðir minjastaðir	Úttektarsvæði 2022
● Engin hætta	Úttektarsvæði 2020
● Hætta	Úttektarsvæði 2008
● Stórhætta	



Kort 4: Breytingar á línukosti C2
2022.

Loftmyndir ehf

0 100 200 300 400 500 m



Skráðir minjastaðir	Úttektarsvæði 2022
● Engin hætta	Úttektarsvæði 2020
● Hætta	Úttektarsvæði 2008
● Stórhætta	

BLÖNDULÍNA 3 - UMHVERFISMATSSKÝRSLA

VIÐAUKI 3

Myndahefti



ÁSÝND LOFTLÍNU

BREYTT LEGA Í HÖRGÁRSVEIT

Blöndulína 3 - Umhverfismatsskýrsla

LANDSNET



MANNVIT








MANNVIT

LANDSNET

SÝNILEIKI Á SVÆÐI C

AÐALVALKOSTUR OG BREYTT LEGA AÐALVALKOSTS






Suður



Aðalvalkostur

Núverandi ásjúnd



Nr. 1a


Efri-Rauðalækur í Hörgársveit

C2 – Öxnadalsleið

Núverandi ásjúnd. Mynd tekin af þelamerkurvegi við afleggjara að Efri-Rauðalæk í Hörgárdal. Horft til suðurs. Garðshorn í mynd til hægri.



Breytt ásynd eftir færslu



— Fyrir færslu — Eftir færslu


Nr. 1b
**Efri-Rauðalækur
í Hörgársveit**

C2 – Öxnadalsleið

Ásynd Blöndulínu 3 eftir færslu. Mynd tekin af Þelamerkurvegi við afleggjara að Efri-Rauðalæk í Hörgárdal. Horft til suðurs. Garðshorn í mynd til hægri.

Suður Aðalvalkostur

Breytt ásynd eftir færslu



Fyrir færslu Eftir færslu

Nr. 1c

Efri-Rauðalækur í Hörgársveit

C2 – Öxnadalsleið

Ásynd Blöndulínu 3 eftir færslu í svarthvítu.. Mynd tekin af Þelamerkurvegi við afleggjara að Efri-Rauðalæk í Hörgárdal. Horft til suðurs. Garðshorn í mynd til hægri.




Austur



Aðalvalkostur

Núverandi ásjúnd



Nr. 2a

Skógar í Hörgársveit

C2 – Öxnadalsleið

Núverandi ásjúnd. Mynd tekin heim að bænum Garðshorni í Hörgárdal.




Austur



Aðalvalkostur

Breytt ásýnd eftir færslu



— Fyrir færslu — Eftir færslu

Nr. 2b

Skógar í Hörgársveit

C2 – Öxnadalsleið

Ásýnd Blöndulínu 3 eftir færslu. Mynd tekin heim að bænum Garðshorni í Hörgárdal.



Vestur



Aðalvalkostur

Núverandi ásjón



Nr. 3a

Ytri-Brennihóll Kræklingahlíð

C2 – Öxnadalsleið

Mynd tekin heim að bænum Ytri-Brennihól í Kræklingahlíð.




Vestur



Aðalvalkostur

Breytt ásýnd eftir færslu




— Fyrir færslu — Eftir færslu

Nr. 3b

Ytri-Brennihóll Kræklingahlíð

C2 – Öxnadalsleið


Ásýnd Blöndulínu 3 eftir færslu. Mynd tekin heim að bænum Ytri-Brennihól í Kræklingahlíð.



Nr. 4a
Bitrugerði
Kræklingahlíð

C2 – Öxnadalsleið

Núverandi ásjón. Mynd tekin af Hlíðarvegi við bæinn Bitrugerði. Horft til norðvesturs.



Fyrir færslu Eftir færslu

Nr. 4b

Bitrugerði Kræklingahlíð

C2 – Öxnadalsleið

Ásýnd Blöndulínu 3 eftir færslu.
Mynd tekin af Hlíðarvegi við bæinn
Bitrugerði. Horft til norðvesturs.




Vestur



Aðalvalkostur

Núverandi ásjón



Nr. 5a

Fannagil Akureyri

C2 – Öxnadalsleið

Núverandi ásjón. Mynd tekin frá vegslóða fyrir ofan Akureyri. Horft í vestur yfir Kræklingahlíð og í áttina að fjöllum Stórahnjúk og Litlahnjúk. Bæirnir Hrappsstaðir (til vinstri) og Ásláksstaðir (til hægri) í mynd.




Vestur



Aðalvalkostur

Breytt ásýnd eftir færslu



— Fyrir færslu — Eftir færslu

Nr. 5b

Fannagil Akureyri

C2 – Öxnadalsleið

Ásýnd Blöndulínu 3 eftir færslu. Mynd tekin frá vegslóða fyrir ofan Akureyri. Horft í vestur yfir Kræklingahlíð og í áttina að fjöllum Stórahnjúk og Litlahnjúk. Bæirnir Hrappsstaðir (til vinstri) og Ásíaksstaðir (til hægri) í mynd.




Vestur



Aðalvalkostur

Núverandi ásjón



Nr. 6a

Fannagil Akureyri

C2 – Öxnadalsleið

Núverandi ásjón. Mynd tekin frá vegslóða fyrir ofan Akureyri. Horft í vestur í átt að Hlíðarfjalli. Hesjuvellir í mynd lengst til vinstri og Hrappsstaðir til hægri.




Vestur



Aðalvalkostur

Breytt ásýnd eftir færslu



— Fyrir færslu — Eftir færslu

Nr. 6b

Fannagil Akureyri

C2 – Öxnadalsleið

Ásýnd Blöndulínu 3 eftir færslu. Mynd tekin frá vegslóða fyrir ofan Akureyri. Horft í vestur í átt að Hlíðarfjalli. Hesjuvellir í mynd lengst til vinstri og Hrappstaðir til hægri.



MANNVIT